

## Sennilegt brot Símans hf. gegn samkeppnislögum

<b>I.</b>	<b>Aðdragandi máls og málsmeðferð.....</b>	<b>2</b>
1.	Erindi Nova .....	2
2.	Sjónarmið Símans.....	3
3.	Frekari sjónarmið Nova.....	6
4.	Frekari sjónarmið Símans.....	7
5.	Frekari gagnaöflun í málinu.....	9
<b>II.</b>	<b>Niðurstöður .....</b>	<b>9</b>
6.	Skilgreining markaðarins og staða Símans.....	10
6.1.	Markaðir fyrir Enska boltann.....	11
6.2.	Markaðir fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og staða Símans .....	15
6.3.	Aðrir fjarskipta- og sjónvarpsmarkaðir .....	17
6.4.	Efnahagslegur styrkleiki.....	19
6.5.	Landfræðilegur markaður .....	19
6.6.	Samantekt um stöðu Símans .....	19
7.	Fyrri aðkoma Samkeppniseftirlitsins.....	20
8.	Erlend fordæmi.....	21
9.	Ákvæði 11. gr. samkeppnislaga.....	26
9.1.	Sölusynjun markaðsráðandi fyrirtækis.....	26
9.2.	Mismunun markaðsráðandi fyrirtækis gagnvart keppinautum .....	27
10.	Háttsemi Símans hf. sem til rannsóknar er í málinu .....	27
10.1.	Synjun Símans á heildsölu dreifingu á Símanum Sport til Nova.....	28
10.1.1.	Til staðar er synjun um heildsölu á sjónvarpsrásinni Símanum Sport – <i>skilyrði a</i> .....	28
10.1.2.	Síminn er sennilega markaðsráðandi á aðliggjandi markaði – heildsölu á Enska boltanum – <i>skilyrði b</i> .....	28
10.1.3.	Enski boltinn er sennilega ómissandi fyrir keppinaut á frálíggjandi markaði – Smásölu á Enska boltanum – <i>skilyrði c</i> .....	29
10.1.4.	Synjun um heildsölu á sjónvarpsrásinni Símanum Sport skaðar virka samkeppni á frálíggjandi markaði – Smásölu á Enska boltanum – <i>skilyrði d</i> .....	30
10.1.5.	Um réttlættingarástæður Símans fyrir sölusynjuninni – <i>skilyrði e</i> .....	30
10.1.5.1.	Vinsælt íþrótttaefni fyrir sjónvarp getur verið sérstakur markaður .....	30
10.1.5.2.	Viðskipti Nova lítil að umfangi.....	31
10.1.5.3.	Útilokun Nova þrátt fyrir greiðan aðgang að Símanum Sport .....	32
10.1.5.4.	Um að samkeppni birtist í útboði FABL.....	33
10.2.	Synjun Símans felur í sér mismunun gagnvart viðskiptaaðilum og keppinautum .....	33
11.	Málið þolir ekki bið .....	35
<b>III.</b>	<b>Ákvörðunarorð.....</b>	<b>36</b>



## I. Aðdragandi máls og málsmeðferð

1. Í máli þessu er tekin afstaða til beiðni Nova ehf. (hér eftir Nova) um að Samkeppniseftirlitið taki ákvörðun til bráðabirgða vegna sennilegs brots Símans hf. (hér eftir Síminn) gegn samkeppnislögum nr. 44/2005 með því að synja Nova um heildsölu og dreifingu á sjónvarpsefni Símans.
2. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að í háttseminni felist sennileg misnotkun Símans á markaðsráðandi stöðu og þar með brot á samkeppnislögum og að tilefni sé til þess að taka ákvörðun til bráðabirgða þar sem málið þolir ekki bið. Forsendum ákvörðunarinnar er lýst í niðurstöðukafla hér á eftir. Fyrst verður fjallað um málsmeðferð.

### 1. Erindi Nova

3. Þann 23. júní 2023 barst Samkeppniseftirlitinu erindi frá Nova þar sem kvartað er yfir að Síminn hafi synjað Nova um að endurnýja og/eða gera samning um heildsölu og dreifingu á sjónvarpsefni Símans. Í erindinu er farið fram á að eftirlitið taki ákvörðun til bráðabirgða og Símanum sett þau skilyrði sem þurfa þyki, svo komið verði í veg fyrir frekari brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er farið fram á að Síminn verði látinn sæta viðeigandi viðurlögum.
4. Í erindinu er vísað til meintrar markaðsráðandi stöðu Símans á ýmsum mörkuðum sem tengjast fjarskiptáþjónustu og sjónvarpsþjónustu. Þá kemur einnig fram að frá árinu 2019 hafi Síminn haldið á útsendingarrétti vegna sýninga frá leikjum í ensku úrvaldsdeildinni í knattspyrnu (Enski boltinn). Þá sé Síminn einnig með sýningarrétti á ýmsu öðru sjónvarps- og afþreyingarefni sem sýnt sé á sjónvarpsstöðvum Símans.
5. Þá kemur fram að Nova sé ekki handhafi útsendingarréttar á sjónvarpsefni á sama hátt og Síminn. Nova sé hins vegar með sjónvarpsþjónustu undir heitinu „Nova TV“. Á Nova TV sé að finna margvíslegar sjónvarpsstöðvar og annað efni sem Nova hafi gert samninga um dreifingu á við handhafa sýningarréttar að viðkomandi efni.
6. Í vissum tilvikum hafi þetta mjög mikla þýðingu fyrir Nova. Komi þar ekki síst til að nauðsynlegt hafi reynst, m.a. til að mæta samkeppni frá Símanum og öðrum keppinautum Nova, að vöndla saman aðgengi til neytenda að sjónvarps- og afþreyingarefni við ýmsa fjarskiptáþjónustu sem Nova framleiði og selji.
7. Þá er vísað til þess að Síminn hafi synjað Nova um heildsölu á Enska boltanum vorið 2019 en eftir aðkomu Samkeppniseftirlitsins hafi Nova og Síminn gert með sér samning um heildsölu og dreifingu á sjónvarpsefni Símans þann 20. maí s.á. og að samningurinn hafi gilt í þrjú ár. Árið 2022 hafi samningurinn verið framlengdur um eitt ár og að sögn Nova hafi staðið til að hann yrði endurnýjaður og framlengdur frekar. Þann 8. júní 2023 hafi Nova hins vegar borist tölvupóstur frá Símanum, þar sem að Síminn upplýsti að hann hygðist ekki endurnýja útrunna dreifingar- og heildsölusamninga við Nova. Mótmælti Nova þessum fyrirætlunum Símans og benti á þær kvaðir sem giltu um Símann samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 ásamt bannreglu 11. gr. samkeppnislaga.
8. Síminn hafi veitt Nova þær skýringar að engar kvaðir hvíldu á fyrirtækinu að afhenda myndefni í heildsölu og teldi Síminn að einungis fyrirtæki sem ræki fjarskiptakerfi sem ætlað væri til dreifingar á sjónvarpsútsendingum gæti óskað eftir dreifingu á grundvelli fjölmiðlalaga og að það væri óumdeilt að Nova ræki ekki slíkt kerfi. Þá mótmælti Síminn einnig meintri sölusynjun og að myndefni fyrirtækisins væri aðgengilegt um smáforrit í stýrikerfum Apple og Google og



þar af leiðandi þyrfti Nova ekki að bjóða þjónustuna um sömu dreifileiðir. Þá hefði Síminn upplýst Nova um þær fyrirætlanir félagsins um að lokað yrði fyrir aðgang viðskiptavina Nova TV að Símanum Sport (sjónvarpsrás Enska boltans) þann 1. ágúst 2023.

9. Kemur fram í erindi Nova að „*frá og með 1. ágúst nk. hyggst Síminn slökkva á aðgangi neytenda að Símanum Sport í gegnum Nova TV. Jafnframt liggur fyrir að Síminn synjar Nova um möguleika á dreifingu sjónvarpsefnis Símans í gegnum Nova TV sem og endursölu á þessu efni til viðskiptavina Nova með þeim hætti sem samningur Símans og Nova hefur mælt fyrir um frá 2019. Að mati Nova jafngildir þetta framferði Símans misnotkun á markaðsráðandi stöðu félagsins og broti á 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.*“
10. Nova vísar enn fremur til samnings Símans og Nova frá 2019 um aðgengi að Enska boltanum og segir að fyrir liggja að engar tæknilegar eða viðskiptalegar ástæður, sem málefnalegar geti talist, mæli gegn því að Símanum verði gert skylt að viðhalda aðgengi að Enska boltanum. Þau sjónarmið sem Síminn byggir á séu „hreinir fyrirsláttur“.
11. Þá er vísað til 2. og 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga þar sem fram komi heimild Samkeppniseftirlitsins til að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál ef sennilegt þykir að sú háttsemi sem til athugunar sé fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra og líklegt sé að bið eftir endanlegri ákvörðun leiði til röskunar á samkeppni. Telur Nova að það hljóti að teljast „*vandfundnar kringumstæður þar sem framangreind skilyrði eru betur uppfyllt en í þessu máli*“.
12. Þá er fjallað um að Samkeppniseftirlitið hafi haft nákvæmlega sömu háttsemi Símans sem nú sé kvartað yfir til skoðunar árið 2019. Í frummati eftirlitsins hafi komið fram að sambærileg sölusynjun Símans væri ólögmet og fæli í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga. Jafnframt að hún væri til þess fallin að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Er það mat Nova að sömu aðstæður séu uppi núna og árið 2019. Borðleggjandi sé því að Samkeppniseftirlitið fallist á kröfu Nova um töku ákvörðunar til bráðabirgða og komi þannig í veg fyrir neikvæð og skaðleg áhrif sölusynjunar Símans á samkeppni og hagsmuni neytenda.

## **2. Sjónarmið Símans**

13. Samkeppniseftirlitið sendi Símanum erindi Nova til umsagnar 26. júní 2023, ásamt því m.a. að óska eftir að Síminn legði mat á háttsemina með vísan til 14. og 15. gr. skilyrða ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 11. gr. samkeppnislaga.
14. Sjónarmið Símans bárust með bréfi þann 30. júní 2023 þar sem því er mótmælt að synjun um að endurnýja dreifingar- og heildsölusamninga við Nova um útsendingar frá ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu geti falið í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga. Í fyrsta lagi sé Síminn ekki markaðsráðandi, í öðru lagi feli háttsemin ekki í sér misnotkun þar sem ekki sé um ómissandi aðstöðu að ræða og loks í þriðja lagi sé ekki um misnotkun að ræða þar sem jafn skilvirkur keppinautur geti hæglega keppt á markaðnum óháð aðgangi að útsendingum frá ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.
15. Hvað fyrsta atriðið varðar geti útsendingar Enska boltans ekki myndað sérstakan markað í skilningi samkeppnisréttar og Síminn sé ekki markaðsráðandi á sjónvarpsmarkaði. Þó réttur til að sýna Enska boltann kosti mikið og efnið vinsælt hafi það ekki þýðingu við skilgreiningu markaða. Þá sé margt efni sem njóti meiri vinsælda og höfði til fjölbreyttari hóps en Enska boltinn. Markaður fyrir myndefni sé ekki skilgreindur út frá áhorfi og ef svo væri þyrfti að skilgreina allt efni út frá vinsældum. Þannig væri Hvolpasveitin (e. Paw Patrol) sérstakur markaður, svo dæmi



sé tekið af vinsælla sjónvarpsefni en Enska boltanum. Þá sé sýningarrétturinn að Meistaradeild Evrópu jafn dýr og rétturinn að Enska boltanum sé miðað við verð fyrir hvern leik.

16. Þá segir að sýningarréttur að tilteknu sjónvarpsefni sé iðulega keyptur í þeim tilgangi að vera hluti af öðru efni sem sé síðan selt í pakka eins og t.d. Stöð 2 geri. Viðskiptavinir Stöðvar 2 geti ekki keypt aðgang að hinum vinsælu sjónvarpsþáttum *Succession* stökum, heldur kaupi þeir áskrift af Stöð 2. Gildi það sama um íþróttæfni, sem keypt sé í formi aðgangs að Stöð2 Sport.
17. Síminn telur ekki unnt að skilgreina sérstaka markaði fyrir hvert og eitt sjónvarpsefni. Enski boltinn sé ekki staðgönguvara við Hvolpasveitina í huga þess barns sem vill horfa á síðarnefnda efnið. Þá sé Meistaradeild Evrópu ekki staðgönguvara fyrir the Bachelor í huga þess sem vilji á þá þáttaröð horfa. Þessi dæmi séu ekki nefnd af handahófi en bæði séu vinsælli en Enski boltinn. Síminn tekur þó fram að væri markaðurinn skilgreindur eingöngu út frá eftirspurnarstaðgöngu væri hvert og eitt sjónvarpsefni sérstakur markaður. Miðað við röksemdafærslu Nova væri heildsöluskylda á rétthafa efnisins hverju sinni sem myndi leiða til þess að allir aðilar á markaðnum byðu sama sjónvarpsefnið sem ekki væri hagfelld þróun fyrir samkeppni og neytendur.
18. Verði því einnig að líta til framboðsstaðgöngu á sjónvarpsmarkaði. Þar skipti máli að rétturinn að öllu sjónvarpsefni sé reglulega boðinn út. Enski boltinn verði boðinn út næsta vor og allir hafi jöfn tækifæri á að bjóða í réttinn.
19. Hvað varði mikilvægi aðgangs að Enska boltanum vilji Síminn benda á tvennt. Annars vegar liggja fyrir í opinberum gögnum að áskrifendum að sportrásum Stöðvar2Sport hafi fjölgað frá því félagið missti réttinn að Enska boltanum. Hins vegar að heildarfjöldi þeirra viðskiptavina Nova sem hafi nýtt Nova TV til að horfa á Enska boltann hafi verið færri en 1.500 við lok samnings og til áhorfs á Símann Sport færri en 1.000. Til samanburðar hafi Nova verið með 25.239 viðskiptavini í Internetþjónustu í lok árs 2022 og megi ætla að þeir séu enn fleiri núna.
20. Með hliðsjón af þessu geti Enski boltinn ekki verið sérstakur markaður í skilningi samkeppnislaga heldur sé það markaður fyrir sölu á sjónvarpsefni sem eigi að miða við. Sé þar um að ræða sjónvarpsstöðvar sem senda út línulega dagskrá sem og efnisveitur, enda keppi öll slík fyrirtæki um mánaðarlegar áskriftartekjur viðskiptavina.
21. Í þessu samhengi er nefnt að Disney sé ekki skylt að afhenda sitt myndefni til keppinauta en innan Disney sé mikið af vinsælasta myndefninu sem til er á markaðnum. Þá hafi Viaplay hafnað beiðnum Símans um heildsölusamninga og óumdeilt að engin kvöð sé á Viaplay að afhenda öðrum keppinautum sínum myndefni sitt í heildsölu, þótt félagið fari með sýningarrétt að Meistaradeild Evrópu og landsleikjum Íslands í knattspyrnu svo fátt eitt sé nefnt. Þá segir að Netflix og Amazon sé heldur ekki skylt til að afhenda myndefni sitt í heildsölu til keppinautar, þótt báðar efnisveitur hafi yfir að ráða vinsælu myndefni.
22. Síminn mótmælir að fyrirtækið sé markaðsráðandi á sjónvarpsmarkaði. Þar sé hlutdeild Símans 30-35% m.v. árið 2022 sem fyrirtækið telji ofmetið þar sem hlutdeild erlendra efnisveitna sé vanmetin. Með vísan til þessa geti ákvörðun Símans ekki falið í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga og beri því að hafna kvörtun Nova.
23. Hvað annað atriðið varðar heldur Síminn því fram að jafnvel þó fyrirtækið væri markaðsráðandi gæti háttsemin ekki fallið undir það að vera misnotkun á markaðsráðandi stöðu og brot á 11. gr. samkeppnislaga. Svonefnd ólögsmæt sölusynjun (e. *refusal to supply*) geti eingöngu falið í sér misnotkun lúti hún að synjun á aðgangi að svonefndri ómissandi aðstöðu (e. *essential facility*), sbr. 81. mgr. leiðbeininga framkvæmdastjórnar ESB.



24. Að mati Símans séu skilyrði þar um að (i) viðkomandi vara eða þjónusta sé nauðsynleg til að keppa á fráliggjandi (e. *downstream*) markaði, (ii) synjunin sé til þess fallin að eyða samkeppni á fráliggjandi markaði og að (iii) synjunin sé skaðleg fyrir neytendur.
25. Segir að ekkert af þessu eigi við um þá ákvörðun Símans að endurnýja ekki samning við Nova. Aðgangur að Enska boltanum sé ekki nauðsynlegt aðfang til að bjóða upp á fjarskiptaþjónustu hér á landi. Útsendingarnar séu þegar aðgengilegar frá Símanum með OTT lausnum og ekkert því til fyrirstöðu að þeir viðskiptavinum Nova í fjarskiptaþjónustu sem þess óski kaupi aðgang að efninu með þeim hætti. Þá sýni jafnt afar ör vöxtur Nova á markaði fyrir Internetþjónustu sem og að innan við 4% viðskiptavina hafi nýtt sér heildsölusamning Nova og Símans glögggt að ekki sé um nauðsynlegt aðfang að ræða né að synjunin sé líkleg til að eyða virkri samkeppni á fjarskiptamarkaði.
26. Þá vísar Síminn til þess að á sama tíma og áhorf á Símann Sport í gegnum Nova TV hafi dregist saman hafi viðskiptavinum Nova með Internetþjónustu um ljósleiðara fjölgað. Þannig hafi viðskiptavinum Nova með Internet um fastlínu fjölgað um 54% frá árslokum 2019, eða um rúmlega átta þúsund. Ekki liggi fyrir hvort þeir einstaklingar sem keypt hafi Símann Sport í gegnum Nova TV, hvort sem það er af Nova eða Símanum, séu með fjarskiptaþjónustu hjá Nova. Þessar tölur sýni þó skýrt að það hafi engin áhrif á stöðu Nova í tengslum við sölu á Internetþjónustu hvort Síminn Sport sé aðgengilegur um Nova TV eða ekki. Þá bendir Síminn á að hjá Hringdu, sem ekki selji Símann Sport, hafi viðskiptavinum með Internet um fastlínu fjölgað um 30% á sama tímabili.
27. Þá segir að mikil samkeppni sé á milli fjarskipta fyrirtækja hér á landi og sé hún óháð því hvort og hvaða sjónvarpsefni fyrirtækin geti boðið viðskiptavinum sínum. Þessu til stuðnings er nefnt að 365 og síðar Sýn hafi haft réttinn að útsendingum á Enska boltanum um áratugaskeið. Allan þann tíma hafi Síminn sannarlega getað boðið upp á fjarskiptaþjónustu og keppt við rétthafa á fjarskiptamarkaði. Reyndar hafi Síminn þrátt fyrir það verið í markaðsráðandi stöðu á því tímabili að mati Samkeppniseftirlitsins. Sýni sú staðreynd ein og sér glögggt að aðgangur að því sjónvarpsefni sé sannarlega ekki nauðsynlegt aðfang til að bjóða upp á fjarskiptaþjónustu hér á landi.
28. Hvað þriðja atriðið varðar um jafn skilvirkan keppinaut þá leiði af sömu staðreynd að slíkur keppinautur sé fullfær um að keppa á markaðnum án aðgangs að Enska boltanum, sbr. dóm Evrópudómstólsins í málum nr. C-209/10, *Post Danmark og almenna dómstólsins* og í máli nr. T-286/09, *Intel*. Liggi það raunar í hlutarins eðli að svo eigi við um Nova, líkt og umrædd staðreynd að hlutfall viðskiptavina félagsins sem nýti Nova TV til að horfa á sjónvarpsefnið sé að jafnaði undir 4% sýni glögggt.
29. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum telur Síminn að skilyrði 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga til töku bráðabirgðaákvörðunar séu ekki uppfyllt. Þannig sé ekki sennilegt að um brot gegn ákvæðum samkeppnislaga sé að ræða, sbr. a-lið ákvæðisins. Þá séu engin rök færð fyrir því í kvörtun Nova að skilyrði b-liðar ákvæðisins sé uppfyllt, þ.e. að líklegt sé að bið eftir endanlegri ákvörðun leiði til röskunar á samkeppni. Þvert á móti sýni sú staðreynd að 4% viðskiptavina Nova nýti þjónustuna glögggt að engin röskun á samkeppni verði við bið eftir endanlegri niðurstöðu. Bendir Síminn á í þessu sambandi að reglur skaðabótaréttar tryggi nægjanlega hagsmunum Nova við þessar aðstæður, telji félagið á sér brotið, sbr. til hliðsjónar dóm EFTA dómstólsins í máli nr. E-6/17, *Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.*



### 3. Frekari sjónarmið Nova

30. Þann 30. júní 2023 sendi Samkeppniseftirlitið sjónarmið Símans til Nova og gaf fyrirtækinu kost á að koma að athugasemdum. Athugasemdir bárust þann 10. júlí 2023.
31. Nova telur að ekkert af því sem fram komi í sjónarmiðum Símans varðandi mat á skilgreindum mörkuðum og stöðu Símans hnekki því mati sem Samkeppniseftirlitið hafi áður sett fram. Er í því sambandi vísað til eldri úrlausna eftirlitsins er varða Símann en einnig í nýja ákvörðun eftirlitsins nr. 24/2023 um beiðni Símans um endurupptöku á sátt sem fram kemur í ákvörðun nr. 6/2015. Í ákvörðun nr. 24/2023 komi fram að sterk rök séu talin standa til þess að skilgreina beri sérstaka markaði fyrir vöndla af mismunandi tegundum fjarskiptabjónustu og/eða fjarskipta- og sjónvarpsbjónustu. Jafnframt standi rök til þess að skilgreina efniskaup á Enska boltanum sem sérstakan markað og burtséð frá því teljist Enski boltinn verulega eftirsóknarvert sjónvarpsefni fyrir viðskiptavinum í smásölu og þar með mikilvæg vara fyrir fyrirtæki sem selji áskriftarsjónvarp og sjónvarpsbjónustu og vöndla með slíkri bjónustu.
32. Er það mat Nova að í þessu máli beri að leggja til grundvallar þau sjónarmið sem lýst sé í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 24/2023. Þannig liggi fyrir að Síminn sé markaðsráðandi á flestum ef ekki öllum þeim mörkuðum sem verði fyrir áhrifum af þeirri markaðshegðun Símans sem sé andlag kvörtunar Nova.
33. Nova hafnar því að þau þrjú atriði eða skilyrði sem þurfi að vera uppfyllt til að brot af því tagi sem hér um ræðir teldist fara gegn 11. gr. samkeppnislaga, sbr. og tilvitnun til 81. mgr. í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB, séu ekki fyrir hendi. Er það mat Nova að öfugt við fullyrðingu Símans eigi allar umræddar kringumstæður við í þessu máli. Synjunin eigi við um vöru sem verði að teljast nauðsynleg til að geta stundað samkeppni á frálíggjandi markaði (downstream). Ef Síminn gæti einokað sölu á áskriftum að Enska boltanum sé það augljóslega til þess fallið að hafa neikvæð útilokunaráhrif gagnvart Nova sem keppinaut á fjarskiptamarkaði og einstökum undirmörkuðum hans. Þá blasi við að gagnvart kaupendum að Enska boltanum sé það mjög neikvætt að Síminn sé eina fyrirtækið sem selji umrætt efni og geti í krafti einokunar sinnar hagrætt verðlagningu vörunnar að vild.
34. Nova hafnar þeirri málsástæðu Símans að vöxtur fyrirtækisins á Internetmarkaði ásamt því að innan við 4% af viðskiptavinum Nova hafi nýtt sér heildsölusamning Nova og Símans sýni að Enski boltinn sé ekki nauðsynlegt aðfang og synjunin skaði ekki samkeppni. Í Nova TV hafi um [...] áskrifendur að meðaltali verið með Símann Sport og mest hafi verið í október 2022 [...] áskriftir. Villandi sé, eins og Síminn geri, að horfa til tíma sem enska úrvalsdeildin sé í sumarfrí og því engir leikir á dagskrá enda segi margir upp áskrift á sumrin og endurnýji á haustin. Ef Nova gæti náð [...] áskriftum að Símanum Sport væru það [...] m.kr. á mánuði. Sé horft til fjölda viðskiptavina Nova í Internetþjónustu í júlí 2023 sem kaupi Símann Sport sé hlutfallið [5-10]%. Það blasi við að ef viðskiptavinir Nova í Internetþjónustu sem keypt hafi áskrift að Símanum Sport í gegnum Nova TV geti það ekki lengur séu miklar líkur á að stór hluti þeirra færi Internetþjónustuviðskipti sín til Símans. Fyrir þessa viðskiptavini sé aðgengi að Enska boltanum stór áhrifabáttur í vali viðskiptavinar á þjónustuveitanda. Segir enn fremur að tilfærsla svo margra viðskiptavina frá Nova til Símans með tilheyrandi tilfærslu á markaðshlutdeild og tekjutapi fyrir Nova fæli í sér meiriháttar samkeppnisleg áhrif af háttsemi Símans.
35. Þá segir um þá málsástæðu Símans að það að viðskiptavinum Nova TV með Símann Sport hafi fækkað á sama tíma og viðskiptavinum Nova með Internetþjónustu hafi fjölgað, að meginástæða fyrir fækkun áskrifenda að Símanum Sport hjá Nova TV sé að verð Símans á áskriftum að efninu hafi hækkað um tæplega 40% á síðastliðnum tveimur árum. Áréttað er að





Nova hafi kappkostað að bjóða lágsta verð á markaðnum á þessum áskriftum og því samkeppnislega aðhaldi myndi Síminn eyða með synjun á gerð heilðsölu- og dreifingarsamnings við Nova.

36. Nova telur miðað við aðstæður í málinu að „vandfundið sé mál þar sem forsendur og tilefni til bráðabirgðaákvörðunar“ séu jafn vel uppfylltar. Að mati Nova séu skilyrði a-og b-liðar 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga séu án vafa uppfyllt.

#### 4. Frekari sjónarmið Símans

37. Með tölvupósti, dags. 5. júlí 2023, veitti Samkeppniseftirlitið Símanum færni á að koma að athugasemdum við umsögn Nova. Athugasemdir Símans bárust 14. júlí 2023.
38. Að mati Símans sé Nova „á villigötum“ um hvernig samkeppni virki á markaði fyrir áskriftarsjónvarp. Samkeppnin felist í að fyrirtækin keppi um viðskipti neytenda með mismunandi þjónustu. Samkeppnin snúist um að kaupa vinsælt myndefni sem keppinautar bjóði ekki upp á. Netflix myndi t.a.m. aldrei framleiða dýrt myndefni ef félagið þyrfti síðan að afhenda HBO það ef það yrði vinsælt. Nova telji hins vegar að ef aðili kaupi eða framleiði vinsælt sjónvarpsefni eigi hann að afhenda það til keppinauta sinna.
39. Síminn hafi yfir að ráða einkarétti á Enska boltanum frá FAPL (Football Association Premier League) tímabundið til þriggja ára og eigi líkt og eigandi hugverks og eigi ekki að þurfa að sæta því að keppinautar geti notað það. Þá er ítrekað að Enski boltinn sé ekki efni sem aðilar á markaði fyrir áskriftarsjónvarp eða fjarskipti þurfi til að starfa á markaðnum. Hugmyndafræði Nova sé því í andstöðu við grundvallarreglur samkeppnisréttar um að aðilar eigi að keppa sín á milli.
40. Segir einnig að Nova hafi aldrei keppt um Enska boltann og Nova geti keypt sýningarrétt að öðru myndefni eða framleitt það. Grundvöllur samkeppni sé ekki aðgangur að myndefni annarra og Nova geti boðið í Enska boltann á næsta ári og reynt að vinna sýningarréttinn til þriggja ára. Þá segir að lengi hafi Síminn ekki verið með Enska boltann og ef fyrirtækið fái hann ekki áfram leiði það ekki til þess að Síminn verði útilokaður frá smásölumarkaði áskriftarsjónvarps eins og „rökvilla Nova“ virðist byggja á.
41. Síminn hafnar því að hafa „keyrt áfram“ verðhækkun á Símanum Sport og einnig að Nova hafi reynt að bjóða lágsta verðið á markaðnum. Nova hafi ekki tekið neina áhættu eins og Síminn og þurfi ekki að ná upp í kostnað. Nova sé því ekki að auka samkeppni. Samkeppnin hafi verið um sýningarréttinn þar sem Nova hafi ekki tekið þátt. Verð á myndefni ráðist af kostnaði á sýningarrétti og vöruframboði og hvað viðskiptavinurinn vilji borga.
42. Síminn líkir sjónarmiði Nova við það t.d. að Netflix ætti rétt á því að velja vinsælasta efnið hjá Disney (t.d. Marvel myndir) og selja sem hluta af Netflix. Disney ætti síðan rétt á að taka út vinsælasta efnið hjá Netflix og selja það. Afleiðingin yrði sú að aðilar væru ekki að keppa. Ef keppinautar gætu með þessu fengið aðgang að vinsælasta myndefni keppinauta á forsendum sem ekki séu viðskiptalegar sé enginn tilgangur í að framleiða slíkt efni.
43. Síminn byggir á að það sé mikill munur á framangreindu og því sem almennt hafi verið nefnt sem „must have“ myndefni. Þá sé um að ræða afmarkað myndefni sem dreifingaraðilar sjónvarps verði að hafa aðgang að til að geta starfað á markaði fyrir sjónvarpsdreifingu. Á Íslandi gildi reglur fjölmiðlalaga um samskipti aðila sem reki fjarskiptanet fyrir sjónvarpsflutning og fjölmiðla sem selji slíka þjónustu. Nova reki hins vegar ekki dreifikerfi sjónvarps og selji ekki Símann Sport sem hluta af fjarskiptaþjónustu.



44. Síminn gagnrýnir að Nova skuli ekki leggja fram nein rök eða gögn um að það hafi útilokandi áhrif ef fyrirtækið fái ekki aðgang að Símanum Sport. Nauðsynlegt sé að sanna hvernig háttsemi geti verið til þess fallin að hafa útilokandi áhrif. Síminn geti hins vegar með vísan til tölfræðilegra gagna sýnt fram á að engar líkur séu á því að Nova verði útilokað. Er í því sambandi vísað til þess að Nova hafi verið með um 1.200 viðskiptavinum sem greiddu Nova fyrir Símann Sport síðasta mánuðinn í keppnistímabili ensku úrvalsdeildarinnar. Frá áramótum hafi Nova ekki verið með yfir 1.500 viðskiptavinum. Hlutverk Nova hafi verið lítið annað en að innheimta fyrir áskriftina þar sem Nova hafi ekkert lagt fram varðandi markaðssetningu þjónustunnar. Þá skipti það engu fyrir rekstur Nova hvort fyrirtækið haldi tekjum vegna Enska boltans. Tekjur Nova árið 2022 hafi verið 12,4 ma.kr. og EBITDA 3,6 ma.kr. og áhrifin (0,1%) því óveruleg varðandi tekjur og telur Síminn að þetta sé til stuðnings því að synjunin hafi ekki útilokandi áhrif.
45. Síminn vísar til þess að skv. upplýsingum FST hafi Nova verið með 173.516 áskriftir á farsímamarkaði í lok árs 2023 og 25.239 viðskiptavinum með Internetþjónustu um fastlínu. Nova útskýri ekki hvernig aðgangur að Símanum Sport hafi þýðingu fyrir fyrirtækið á þeim markaði heldur.
46. Hvað varði að Síminn hafi miðað við fjölda viðskiptavina að Símanum Sport yfir sumarmánuði þá hafi Síminn miðað við maí þegar úrslit í Enska boltanum ráðist. Þá er bent á að ekki séu innheimt áskriftargjöld fyrir Símann Sport á sumrin og viðskiptavinir hætti því nær aldrei með áskrift yfir sumartímamann. Samkvæmt upplýsingum sem Nova hafi afhent Símanum hafi færri en þúsund notendur að Nova TV horft á Símann Sport í hverjum mánuði frá áramótum. Miðað við það séu 4% (1.000/25.239) af viðskiptavinum Nova sem noti þjónustuna sé miðað við að allir viðskiptavinir Nova með Símann Sport séu með Internetþjónustu hjá Nova, sem þurfi ekki endilega að vera raunin. Einhverjir gætu verið hjá Símanum, Hringdu eða Sýn. Þegar Síminn og Nova hafi gert samning til þriggja ára árið 2019 hafi Síminn ekki verið með app í Apple TV og þar af leiðandi mjög líklegt að viðskiptavinir sem nýttu sér helst AppleTV hafi valið Nova TV óháð fjarskiptabjónustu. Að mati Símans sé það rangt sem Nova gefi sér að það sé mikilvægt í viðskiptum við Nova í fjarskiptum að geta keypt Símann Sport af Nova. Það sé a.m.k. ljóst að það hafi enga þýðingu fyrir 96% af viðskiptavinum Nova m.v. framangreindar tölur. Þá sé þetta hlutfall líklega enn hærra þar sem Nova hafi fjölgað viðskiptavinum frá áramótum og ekki sé tekið tillit til allra þeirra sem noti 5G net fyrir Internetþjónustu.
47. Til marks um það hve litla þýðingu Síminn Sport hafi fyrir rekstur Nova bendir Síminn á að þegar leikur Liverpool og Man. Utd. hafi verið sýndur í mars 2023 hafi 643 notendur Nova TV horft á leikinn. Þetta hafi þó verið langstærsti leikur tímabilsins fyrir íslenska aðdáendur. Er þessi staðreynd sett í samhengi við að það séu um 150 þúsund íbúðir í landinu og þar af leiðandi heimili sem þurfi gagnatengingu. Þá séu 390.830 íbúar á landinu sem flestir noti farsíma. Aðgengi að Símanum Sport í gegnum NotaTV hafi því bersýnilega ekki nokkra þýðingu fyrir markaðinn í heild eða samkeppnisstöðu á honum að mati Símans.
48. Síminn telur það lykilatriði að fyrirtækið hafi afhent og/eða miðlað útsendingum frá ensku úrvalsdeildinni bæði með Símanum Sport eða Sjónvarpi Símans Premium til allra sem reki sk. verkvang (e. *platform*) fyrir sjónvarpsútsendinga. Þá dreifi Síminn myndefni sínu til allra notenda óháð hvaða fjarskiptafyrirtæki þeir séu hjá. Viðskiptavinir geti þá notað tæki sín með appi til að horfa á Sjónvarp Símans, þ. á m. Símann Sport. Það geti t.d. verið iPhone, Samsung sjónvarp eða Android myndlykill. Efnið geti neytendur einnig nálgast með snjallsíma sem noti iOS eða Android, Apple TV, Android TV og þar með talið þau sjónvarpstæki sem styðjist við Android TV, í gegnum Samsung sjónvarp, vafra, um þjónustu Sýnar og þjónustu Símans. Það sé vandséð hvernig útilokun eigi að vera hugsanleg við þessar kringumstæður. Þá séu engar líkur á því að aðgangur





Nova að Símanum Sport hafi áhrif á fjarskiptarekstur, þar sem Nova hafi viðurkennt að það séu engin tengsl á milli sölu á Símanum Sport og fjarskiptabjónustu félagsins. Ef allir viðskiptavinir Nova núna sem kaupir Símann Sport af Nova myndu segja upp þjónustunni, þá hefði það engin tekjuáhrif á fjarskiptabjónustu Nova eins og komi fram í erindi Nova frá 10. júlí 2023.

49. Síminn mótmælir því sem fram komi í erindi Nova um að það sé neikvætt gagnvart kaupendum að Enska boltanum að Síminn sé eini seljandi að því efni og geti í krafti einokunar sinnar hagrætt verðlagningu efnisins að vild. Segir að eðli máls samkvæmt geti eigandi myndefnis ákveðið sjálfstætt verð á þeirri þjónustu sem hann selji. FAPL, sem sé eigandi myndefnis, ákveði sjálft hvernig verðlagningu á vörunni sé háttáð. Sá sem kaupir þann rétt fyrir tiltekinn markað verði að geta ákveðið hvaða verð liggja til grundvallar þjónustunni. Tími verðlagseftirlits sé sem betur fer að mestu liðinn.
50. Síminn vísar einnig til þess að þegar samkeppni sé um myndefni geti það leitt til þess að verðið fyrir réttinn hækki og að smásöluverð taki óhjákvæmilega breytingum. Síminn hafi hins vegar leitast við að hafa verðið eins lágt og mögulegt sé og aldrei síðan RÚV hafi verið með réttinn á síðustu öld hafi jafn mörg heimili haft aðgang að þessari þjónustu. Þá er vakin athygli á því að verð á Símanum Sport sé mun lægra en þegar Sýn hafi verið með sýningarréttinn. Að mati Símans séu ekki forsendur fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar. Þá ítrekar Síminn að engar vísbendingar séu um samkeppnishömlur þó Síminn endurnýi ekki samning um Síminn Sport við Nova.

## 5. Frekari gagnaöflun í málinu

51. Með tölvupósti, dags. 5. júlí 2023, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir tilteknum upplýsingum frá Símanum, Nova og Vodafone. Þar á meðal var óskað eftir upplýsingum um hvernig Síminn Sport hefur verið boðinn viðskiptavinum, t.a.m. sem hluti af vöndli fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu eða seld sem stök þjónusta. Einnig var óskað eftir smásölutekjum og verðlagningu á Símanum Sport í smásölu ásamt frekari upplýsingum. Svör bárust frá Vodafone og Nova þann 10. júlí 2023. Svör frá Símanum bárust þann 12. og 14. júlí 2023.
52. Samkeppniseftirlitið hefur einnig óskað frekari upplýsinga frá Símanum á tímabilinu 23. júní til 24. júlí 2023. Þá hefur Samkeppniseftirlitið einnig stuðst við opinber gögn og fyrri ákvarðanir eftirlitsins. Verður nánar gerð grein fyrir niðurstöðum gagnaöflunar í málinu hér á eftir því sem tilefni er til.

## II. Niðurstöður

53. Í máli þessu er tekin afstaða til beiðni Nova um að Samkeppniseftirlitið taki ákvörðun til bráðabirgða vegna háttsemi Símans sem fyrirtækið telur sennilegt að brjóti gegn samkeppnislögum og nauðsynlegt sé að bregðast við án tafar þar sem málið þoli ekki bið.
54. Í ákvæði 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga kemur fram að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál ef: „[...] sennilegt þykir að sú háttsemi eða þær aðstæður sem til athugunar eru fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra [...]“. Einnig er það skilyrði að líklegt sé að bið eftir endanlegri ákvörðun leiði til röskunar á samkeppni sem verði afstýrt með endanlegri ákvörðun eða að málið að öðru leyti þoli ekki bið.
55. Þar sem um bráðabirgðaráðstöfun er að ræða þarf því ekki að ákvarða með endanlegum hætti hvort sú háttsemi sem hér er til skoðunar telst andstæð samkeppnisreglum, enda eru ekki



gerðar sömu kröfur um sönnun og í fullbúinni ákvörðun. Á þessu stigi málsins þarf að meta hvort sennilegt sé að umrædd háttsemi feli í sér brot á ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Jafnframt ber að meta hvort bið eftir endanlegri niðurstöðu í málinu muni leiða til röskunar á samkeppni eða að málið að öðru leyti þoli ekki bið.

56. Eins og rakið er í málavöxtum er mál þetta að rekja til þess að Síminn hefur synjað því að gera samning um heildsölu og dreifingu við Nova um rétt til að bjóða sjónvarpsrásina Símann Sport svo það fyrirtæki geti boðið Enska boltan til sinna viðskiptavina. Síminn (sem birgir) og Nova (sem dreifandi) hafa verið með dreifingarsamning allt frá árinu 2019 (undirritaður 20. september 2019) þegar Síminn öðlaðist sýningarréttinn að Enska boltanum. Þá hefur sambærilegur samningur verið í gildi á milli Símans og Sýnar og ekki stendur til af hálfu Símans að segja honum upp eða synja honum endurnýjunar þegar hann rennur út.
57. Til staðfestingar synjuninni hefur Nova lagt fram tölvupóst frá framkvæmdastjóra miðla hjá Símanum frá 8. júní 2023 þar sem fram kemur eftirfarandi: „Í ljósi þess að Síminn dreifir nú öllu sjónvarpsefni sínu um OTT dreifileiðir og sjónvarpsrásin Síminn Sport er aðgengileg á Android, iOS, vafra og algengustu snjallsjónvörpum mun Síminn ekki endurnýja þegar útrunna dreifingar- og heildsölusamninga við NOVA.“
58. Ljóst er af samskiptum starfsmanna Nova við framkvæmdastjóra miðla hjá Símanum að Síminn hafnaði frekari umleitunum Nova um áframhaldandi viðskipti. Kemur m.a. fram af hálfu framkvæmdastjórans að engar kvaðir hvíli á Símanum að bjóða Símann Sport. Nova reki ekki fjarskiptakerfi sem dreifi sjónvarpsútsendingum og að Nova geti boðið í Enska boltann þegar sýningarrétturinn verði boðinn út næst.
59. Felur þetta í sér að Nova mun ekki hafa möguleika á að dreifa Símanum Sport til sinna viðskiptavina frá 1. ágúst 2023. Hefur Síminn einnig í erindum sínum staðfest að uppsögnin eða synjun um endurnýjun feli í sér að dreifingu til Nova verði hætt þann dag.
60. Hér á eftir er fjallað um fyrri aðkomu Samkeppniseftirlitsins að fyrirkomulagi Símans við sölu á Enska boltanum, erlend fordæmi, bannákvæði samkeppnislaga, háttsemi Símans og lagt mat á hvort skilyrði til töku ákvörðunar til bráðabirgða séu uppfyllt í málinu.
61. Hér á eftir að nokkru byggt á upplýsingum (aðallega markaðsupplýsingum) í nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 24/2023 *Beiðni Símans hf. um endurupptöku á sátt fyrirtækisins og Samkeppniseftirlitsins sem fram kemur í ákvörðun nr. 6/2015*. Varð það niðurstaða í ákvörðuninni að grundvöllur væri til að fella úr gildi nokkur ákvæði, til viðbótar þeim sem féllu úr gildi samkvæmt sátt sem Samkeppniseftirlitið gerði við Ardian og Mílu, við sölu Mílu frá Símanum, sbr. ákvörðun nr. eftirlitsins 16/2023 *Kaup Ardian á öllu hlutafé í Mílu ehf. af Símanum hf.*
62. Fyrst verður þó litið til skilgreiningar þeirra markaða sem Samkeppniseftirlitið telur að hafi áhrif í málinu og staða Símans metin.

## 6. Skilgreining markaðarins og staða Símans

63. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og þjónustu og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og/eða staðgöngubjónustu. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.



## 6.1. Markaðir fyrir Enska boltann

64. Sýningarréttur á því sem hér er nefnt Enski boltinn felur í sér sýningarrétt á ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu (e. *Premier League*). Sýningarréttur Símans á Enska boltanum hefur verið til þriggja ára í senn og fékk Síminn sýningarrétt í byrjun júní 2019 sem gildi til 1. júní 2022. Í útboði árið 2022 öðlaðist Síminn aftur réttinn sem gildir til 2025. Sýningarrétturinn byggir á beinum og milliliðalausum samningi Símans við ensku úrvalsdeildina. Ekki er um að ræða sýningarrétt að öðrum keppnum með enskum knattspyrnuliðum eða á vegum enska knattspyrnusambandsins, svo sem næstefstu deild á Englandi (e. *Championship League*), bikarkeppnum eða sérstökum leikjum.
65. Enski boltinn eða Síminn Sport hefur aðallega verið boðinn í gegnum IPTV þjónustu Símans. Er þjónustan boðin samkvæmt nokkrum áskriftarleiðum sem eru Síminn Sport sem stök áskrift, sem hluti af Sjónvarpi Símans Premium, og Enski boltinn sem hluti af Heimilispakkanum. Nú nýlega hefur bæst við Þægilegi pakkinn sem jafnframt innifelur Sjónvarp Símans Premium. Þá hefur einnig verið boðið upp á sjónvarpsþjónustu í gegnum OTT lausn Símans.
66. Þá hefur Enski boltinn verið boðinn í stakri áskrift í dreifingu bæði á myndlyklum og IPTV kerfi Sýnar og í sjónvarpsþjónustu Nova - Nova TV appinu. Er það þannig að áskrifendur og viðskiptavinir sem hafa kosið að kaupa og/eða nota sjónvarpsþjónustu Sýnar eða Nova, og eftir atvikum fjarskiptabjónustu fyrirtækjanna, en vilja þó kaupa Símann Sport/Enska boltann hjá Símanum í beinu viðskiptasambandi við það fyrirtæki. Virkjar Síminn þá áskriftina yfir kerfi umræddra fyrirtækja (Sýnar og Nova).
67. Samkeppniseftirlitið telur sennilegt að skilgreina megi efniskaup á Enska boltanum sem sjálfstæðan vörumarkað og að slíkur markaður gæti verið undirmarkaður íþróttæfnis á efniskaupamarkaði fyrir sjónvarp.<sup>1</sup> Þá telur eftirlitið einnig að takmörkuð eftirspurnarstaðganga sé hjá viðskiptavinum á milli Enska boltans sem sjónvarpsefnis annars vegar og sýninga annarra íþróttaviðburða eða keppna, hvort sem um ræðir knattspyrnu eða annað efni hins vegar. Óháð skilgreiningu mögulegra samkeppnismarkaða er Enski boltinn verulega eftirsóknarvert sjónvarpsefni fyrir viðskiptavinum smásölu á sjónvarpsmarkaði og þar með mikilvæg vara fyrir fyrirtæki sem selja áskriftarsjónvarp og sjónvarpsþjónustu og vöndla með slíkri þjónustu.
68. Eðli málsins samkvæmt er markaður fyrir efniskaup sjónvarpsefnis náteygdu markaði smásölu áskriftarsjónvarps og sjónvarpsþjónustu, enda ráðast markaðsaðilar í slík efniskaup til notkunar fyrir viðskiptavinum sjónvarpsþjónustu þar sem aðgangur að og framboð á sjónvarpsefni er forsenda fyrir starfrækslu þjónustunnar.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017 var skilgreindur markaður fyrir efniskaup fjölmiðla og fjarskiptafyrirtækja á sjónvarpsefni og einnig heildsölu sjónvarpsstöðva og smásölu sjónvarpsþjónustu til endanotenda. Þá var í ákvörðuninni fjallað um skilgreiningar erlendra samkeppnisyrivalda á mögulegum undirmarkaði fyrir heildsölu sjónvarpsstöðva og sjónvarpsefnis. Slíkur heildsölumarkaður var þó ekki talin hafa myndast hérlendis þá að því er varðaði íslenskar stöðvar.

<sup>2</sup> Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2006, *Samruni Dagsbrúnar hf. og Senu ehf.*, var skilgreindur efniskaupamarkaður fyrir annars vegar farsíma og hins vegar fyrir sjónvarp. Komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að skipta mætti efniskaupamarkaðnum fyrir sjónvarp a.m.k. í þrjá undirmarkaði, þ.e. íþróttæfni, kvikmyndir og efni sérstaklega framleitt fyrir sjónvarp. Þá var vísað til þess að mögulegt væri að aðgreina markaðina enn frekar og sérstaklega eftir því hvort um eftirsóknarvert efni væri að ræða.

Þá kom fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017 kom fram að sjónvarpsmarkaðurinn væri lóðrétt virðisikeðja þar sem hvert stig hennar fæli í sér sjálfstæðan markað og jafnvel undirmarkaði. Til að geta starfað á sjónvarpsmarkaðnum væri nauðsynlegt annað hvort að geta framleitt eða á annan hátt nálgast sjónvarpsefni til dreifingar. Einnig var í ákvörðuninni vísað til þess að framkvæmdastjórn ESB hefði skilgreint mismunandi starfsemi í virðisikeðjunni eins og t.d. framleiðslu og dreifingu á sjónvarpsefni (þ. á m. sölu á tilbúnu sjónvarpsefni og samninga um framleiðslu á sérstöku efni). Einnig heildsölu á sjónvarpsstöðvum (e. *Wholesale supply of TV channels*) og smásölu á sjónvarpsþjónustu til endanotenda. Þá hefði framkvæmdastjórnin litið til auglýsinga í sjónvarpi sem sérstakrar starfsemi. Ennfremur hefði verið tekið til skoðunar hvort til væri sérstakur markaður fyrir íþróttastöðvar.



69. Það hvort tiltekið sjónvarps- eða íþrótttaefni geti talist vera sérstakur markaður eða ekki veltur endanlega á aðstæðum í hverju máli. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M.2843 vegna samruna Group Canal+, RTL og CJD frá 13. nóvember 2011 leiddi markaðsrannsókn til þeirrar niðurstöðu að vegna yfirburða vinsælda knattspyrnu á evrópska efnahagssvæðinu væri ekki eftirspurnarstaðganga milli sýningarréttar að knattspyrnuleikjum og sýningarrétti fyrir aðrar íþróttir. Sýningarréttur fyrir aðrar íþróttir veitti réttihöfum knattspyrnuleikja því ekki samkeppnislegt aðhald. Framkvæmdastjórnin taldi rétt að greina annars vegar á milli markaða fyrir sýningarétt að knattspyrnuviðburðum sem ættu sér stað reglulega yfir árið (t.d. úrvalsdeildir aðildarríkja og Meistaradeild Evrópu), og hins vegar viðburða sem færu sjaldnar fram, s.s. á fjögurra ára fresti (t.d. HM og EM í fótbolta þar sem hver keppni kynni að vera sjálfstæður undirmarkaður).<sup>3</sup>
70. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. M.7000 vegna samruna Liberty Global og Ziggo N.V. í Hollandi frá 30. maí 2018, voru hins vegar ekki taldar forsendur til að skilgreina markað fyrir sýningarétt að íþrótttaefni með þrengri hætti en að sérstakur markaður væri fyrir sýningarétt að „premium“ íþrótttaefni annars vegar og „non-premium“ íþrótttaefni hins vegar.
71. Þá má nefna ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli enska knattspyrnusambandsins vegna sýningarréttar fyrir ensku úrvalsdeildina, mál COMP/C2/38.173 – *Joint selling of the media rights to the FA Premier League*, frá 22. mars 2006. Málið varðaði sölu sýningarréttar í Bretlandi að leikjum ensku úrvaldsdeildarinnar. Landfræðilegur markaður málsins takmarkaðist við Bretland, en framkvæmdastjórnin taldi sérstaka markaði vera til staðar fyrir ensku úrvaldsdeildina og leiki þeirra félagsliða sem þar spila, s.s. fyrir beinar útsendingar af slíkum leikjum. Jafnframt var í ákvörðuninni fjallað um náin tengsl heildsölustigs (e. *upstream*) og smásölustigs (e. *downstream*) fyrir sjónvarpsefnið, hvernig takmörkun á fyrrnefnda stiginu gæti haft afleiðingar á því síðarnefnda, og að enski boltinn væri lykilvara fyrir sölu áskriftarsjónvarps í Bretlandi.<sup>4</sup>
72. Í öðrum málum evrópskra samkeppnisyfirlvalda hefur jafnframt verið komist að því að sýningarréttur og endursala á einstaka knattspyrnudeildum sem njóta sérstakra vinsælda í hverju landi geti falið í sér sérstakan markað. Þannig var sem dæmi komist að þeirri niðurstöðu að spænska deildin og bikarkeppnin teldust sérstakur markaður í máli spænskra samkeppnisyfirlvalda nr. C102/06 SOGECABLE/AVS á árinu 2007.<sup>5</sup> Í málinu var m.a. litið til þess að áhorf á þetta efni var umtalsvert meira en á annað íþrótttaefni og að sjónvarpsfyrirtæki voru reiðubúin til þess að bjóða hlutfallslega háar fjárhæðir til þess að tryggja sér efnið.
73. Loks má nefna að frönsk samkeppnisyfirlvöld komust að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni nr. 10-DCC-11 á árinu 2010 að sýningarréttur að frönsku úrvaldsdeildinni (Ligue 1) í áskriftarsjónvarpi eða opnu sjónvarpi væri sérstakur markaður. Einnig að sýningarréttur að öðrum mikilvægustu erlendu fótboltakeppnunum (f. *des championnats étrangers de football les plus Attractifs*) í áskriftarsjónvarpi eða opnu sjónvarpi væri sérstakur markaður. Sama átti við um sýningarrétt að

<sup>3</sup> Komist var að sambærilegri niðurstöðu í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar í málum nr. M.4519 Lagardere/Sportfive (10. mgr.) og nr. M.5776 Telecinco/Cuatro..

<sup>4</sup> COMP/C2/38.173 – *Joint selling of the media rights to the FA Premier League*, OJ C 7, 12.1.2008, Commission Decision of 22/III/2006, bls. 6; „The Commission’s preliminary assessment was that the arrangements affected various markets for the acquisition of media rights of premium football matches. Premium football denotes the top tier of football games, that is to say, matches involving clubs that play in the Premier League competition, whether or not that match is played in the context of the Premier League competition. There are several markets for the acquisition of media rights, of which the most commercially significant is the market for the acquisition of live TV rights. Broadcasters acquire rights on this upstream market and use these rights to create football programming [...] The Commission’s preliminary view was that the markets for the acquisition of media rights are all closely linked to the downstream markets on which those rights are used [...] to provide media services to consumers and that the restriction in the upstream markets is likely to affect downstream markets as well. [...] Football has not only proven to be a driving force for the development of pay-TV services but is also an essential programme item for free-TV broadcasters. [...]“

<sup>5</sup> Sambærileg niðurstaða var í máli C/0420/12: IMAGINA/LA SEXTA.



öðrum fótboltakeppnum (öðrum en frönsku úrvalsdeildinni eða mikilvægustu erlendu fótboltakeppnum) í áskriftarsjónvarpi eða opnu sjónvarpi. Það sama gilti um sýningarrétt að mikilvægum íþróttum, öðrum en fótbolta, í áskriftarsjónvarpi eða opnu sjónvarpi og svo loks sýningarrétt að íþróttum, öðrum en fótbolta eða mikilvægum íþróttum, í áskriftarsjónvarpi eða opnu sjónvarpi.

74. Samkeppniseftirlitið telur ofangreind atriði og fordæmi gefa vísbendingar um afar takmarkaða eftirspurnarstaðgöngu hjá viðskiptavinum á milli Enska boltans sem sjónvarpsefnis annars vegar og hins vegar sýninga annarra íþróttaviðburða eða keppna, hvort sem er á sviði knattspyrnu eða öðrum sviðum. Óháð skilgreiningu mögulegra samkeppnismarkaða, þá sýnir framangreind umfjöllun að Enska boltinn er álitinn verulega eftirsóknarvert sjónvarpsefni fyrir viðskiptavinum smásölu á sjónvarpsmarkaði, og þar með mikilvæg vara fyrir fyrirtæki sem selja áskriftarsjónvarp og sjónvarpsþjónustu, og vöndla með slíkri þjónustu.
75. Við þetta má bæta að í athugun Samkeppniseftirlitsins í málinu vegna Enska boltans á árunum 2019/2020 var aflað samtímagagna, þ.e. markaðskannana sem bæði Síminn og Sýn (sem áður bjó yfir sýningarrétti á ensku úrvalsdeildinni) lögðu fram. Þóttu þessar kannanir sýna fram á miklar vinsældir Enska boltans hér á landi og sérstöðu hans sem íþróttæfnis.
76. Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins hefur eftirlitið látið duga að skilgreina efniskaupamarkað fyrir íþróttæfni fyrir sjónvarp, en talið mögulegt að skilgreina undirmarkaði með ítarlegri hætti sé þess þörf.<sup>6</sup> Með vísan til alls framangreinds telur Samkeppniseftirlitið sennilegt að skilgreina megi efniskaup á Enska boltanum sem sjálfstæðan vörumarkað í máli þessu. Þá telur eftirlitið að slíkur markaður gæti verið undirmarkaður íþróttæfnis á efniskaupamarkaði fyrir sjónvarp. Af þessu leiðir að einnig er sennilegt að fyrir hendi sé sérstakur vöru- og þjónustu markaður fyrir heildsölu á Enska boltanum, þ.e. sjónvarpsrásinni Símanum Sport hjá Símanum, og svo einnig smásölu á efninu.
77. Í töflu 1 koma fram upplýsingar um umfang heildsölu á Enska boltanum fyrir árin 2021, 2022 og fyrstu sex mánuði þessa árs. Annars vegar eru settar fram upplýsingar um tekjur og hins vegar fjölda við lok tímabils.

78. **Tafla 1. Síminn Sport - Enska boltinn - heildsala**

Fyrirtæki	2021	2022	2023 – 6 mán.
Síminn – tekjur	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Síminn – fjöldi – Nova	[...]	[...]	[...]
Síminn – fjöldi – Sýn	[...]	[...]	[...]
<b>Samtals fjöldi v/lok tímabils</b>	[...]	[...]	[...]

79. Síminn er með 100% markaðshlutdeild á heildsölustigi markaðar fyrir sölu á Símanum Sport/Enska boltanum og nýtur þar með einokunar á þessu sviði.
80. Hvað varðar smásölutekjur Símans vegna sölu á Símanum Sport þá er annars vegar um að ræða tekjur vegna sölu á þjónustunni í stakri sölu og svo hins vegar sá hluti tekna vegna Sjónvarps Símans Premium sem heimfærður er á Símann Sport. Vægið er þannig að 20-25% er vegna sölu

<sup>6</sup> Sjá t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017.



á þjónustunni stakri og þá 65-75% innan vöndla Símans, þ.e. Sjónvarps Símans Premium, Heimilisþakkans og nú síðast Þægilega þakkans.

**Tafla 2. Síminn Sport - Enski boltinn - smásala**

Fyrirtæki	2021	2022	2023 – 6 mán.
Síminn	[80-85]%	[75-80]%	[80-85]%
Sýn	[10-15]%	[15-20]%	[10-15]%
Nova	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
Samtals	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.

81. Eins og kemur fram í töflu 2 hefur hlutdeild Símans í smásölu á Enska boltann verið á bilinu [75-85]% sl. ár. Samkvæmt ofangreindum tölum er ljóst að Síminn er með yfirburðarstöðu hvort sem litið er til heilðsölumarkaðar þar sem fyrirtækið er með 100% hlutdeild eða smásölumarkaðar þar sem fyrirtækið er með um 80% hlutdeild að meðaltali fyrir ofangreint tímabil. Svo há hlutdeild veitir skýrar vísabendingar um að Síminn sé sennilega með markaðsráðandi stöðu á umræddum mörkuðum. Nánar tiltekið gefur hlutdeildin til kynna að Síminn sé með einstaka yfirburði á þessu sviði, sem leggur ríkar skyldur á fyrirtækið að raska ekki samkeppn.
82. Hvað samkeppnisleg áhrif varðar er ljóst að við brotthvarf Nova af markaði fyrir smásölu á Enska boltanum fækkar keppinautum í smásölu úr þremur í tvo og má ætla að þeir viðskiptavinir sem voru hjá Nova muni flestir fara til Símans með áskrift að Enska boltanum og eftir atvikum aðra fjarskiptaþjónustu enda Síminn með mestu hlutdeildina og býður Enska boltann á hagstæðu verði í gegnum sína fjarskipta- og sjónvarpsþakka.
83. Samkeppniseftirlitið framkvæmdi útreikninga á samþjöppun á umræddum smásölumarkaði fyrir Enska boltann og var miðað við hlutdeild miðað við tekjur sem fram kemur í töflu 2. Í töflu 3 er gerð grein fyrir útreikningum á svokölluðum HHI stuðli.<sup>7</sup> Almennt er litið svo á að sé stuðullinn á bilinu 1.500 til 2.500 sé hófleg samþjöppun á viðkomandi markaði. Sé stuðullinn hærrí er samþjöppun viðkomandi markaðar mikil.

**Tafla 3. Samþjöppun á smásölumarkaði fyrir Enska boltann**

Fyrirtæki	2021	2022	2023 – 6 mán.
HHI	6.876	6.354	6.833
HHI – án Nova	7.752	7.197	7.501

84. Samkvæmt töflu 3 er stuðullinn á bilinu 6.354 til 6.876 og sé hann reiknaður án Nova fer hann í 7.501 miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2023. Er af þessu ljóst að mikil samþjöppun var á markaðnum fyrir og mun hún aukast talsvert við brotthvarf Nova.

<sup>7</sup> HHI-stuðullinn er talinn ein áreiðanlegasta vísabendingin um það hve samþjöppun á markaði er mikil og hvort eða hvenær ástæða sé til að fylgjast náið með mörkuðum og frekari samþjöppun einkum í kjölfar samruna. HHI-stuðullinn er reiknaður með því að leggja saman markaðshlutdeild í öðru veldi þeirra fyrirtækja sem eru á þeim markaði sem við á. Við mat á samþjöppun á markaði og breytingu þar er litið til gildis HHI-stuðulsins bæði fyrir og eftir breytingu. Stuðullinn er þó einkum notaður til að meta breytingar á samþjöppun við samruna en einnig er unnt að nota hann við þá breytingu sem um ræðir í þessu máli.





## 6.2. Markaðir fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og staða Símans

85. Í máli þessu hefur Nova vísað til þess að mikilvægt sé fyrir fyrirtækið, m.a. til að mæta samkeppni frá Símanum og öðrum keppinautum, að vöndla saman sjónvarps- og afþreyingarefni við ýmsa fjarskiptaþjónustu sem Nova framleiði og selji. Þeir möguleikar takmarkist verulega þegar fyrirtækið geti ekki sett Enska boltann inn í sína vöndla eins og Síminn geri og einnig Sýn. Síminn hefur hins vegar byggt á því að þýðing Nova fyrir Enska boltann sé takmörkuð og að viðskiptavinum fyrirtækisins hafi fækkað en þrátt fyrir það hafi Nova gengið vel að bjóða fjarskiptaþjónustu og þá aðallega farsíma og Internet.
86. Samkeppniseftirlitið fjallaði um mögulega markaði fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu í nýlegri ákvörðun nr. 24/2023 og taldi að sterkar líkur væru á því að unnt væri að skilgreina slíka markaði fyrir slíka vöru og þjónustu hér á landi.
87. Með vöndli í þessu samhengi er þá átt við samsettan vöru- og þjónustupakka fjarskiptafyrirtækis sem inniheldur bæði fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og er markaðssettur og seldur sem slíkur vöndull í smásölu, á verði sem er lægra en ef umræddir þjónustupættir væru keyptir stakir. Um getur verið að ræða fleiri en einn markað eftir því um hvaða þjónustupætti er að ræða, t.d. Internet og sjónvarpsþjónusta (tvíleikur) eða Internet, farsími og sjónvarpsþjónusta (þríleikur). Þá kann að vera mögulegt að skilgreina frekari undirmarkaði fyrir tilteknar tegundir og/eða stærðir vöndla.
88. Í ákvörðun nr. 24/2023 var í fyrsta lagi rakin mál sem sýndu að sú nálgun að líta á tiltekinn hóp af vörum eða þjónustu sem sérstakan markað gæti átt rétt á sér, jafnvel þó afmarkaðir þjónustupættir eða vörur séu þess eðlis að eftirspurnarstaðganga geti ekki verið á milli þeirra í hugum neytenda (sjá mgr. 119-125).
89. Þá er í ákvörðuninni einnig rakin fordæmi framkvæmdastjórnar ESB þar sem til skoðunar hefur verið hvort unnt væri að skilgreina markaði sérstaklega fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu (mgr. 126-138). Í þessum málum og í rannsóknum í þeim hafa ekki komið fram skýrar vísbendingar um það hvort sérstakir markaðir fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu séu fyrir hendi sem myndi aðskilda markaði frá sölu á stökum þjónustum á þessum sviðum. Það sem helst hefur þó verið talið veita vísbendingar um að slík aðgreining eigi við er að verð er ólíkt og oft nokkuð betri kjör þegar þjónustan er keypt saman. Þá hefur útbreiðsla vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu hvort heldur sem hún er tví-, þrí- eða fjórþætt aukist mikið og til viðbótar við lægra verð eru ákveðin þægindi í því fólgin að geta keypt heildarþjónustu hjá aðeins einum aðila sem er með heildarframboð á þessu sviði.
90. Í þessu sambandi má nefna ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar sem tekið var til skoðunar mögulegur vöndlamarkaður í Þýskalandi í máli vegna samruna Vodafone og Liberty Global árið 2019. Þó því hafi ekki verið slegið föstu í málinu að fyrir hendi væri sérstakur markaður fyrir vöndla voru tekin til skoðunar samkeppnisleg áhrif samrunans vegna framboðs á tví-, þrí- og fjórþættum vöndlum og komist að þeirri niðurstöðu að samruninn raskaði samkeppni á mögulegum markaði fyrir tvíþætta vöndla (láréttar hömlur). Tilefni rannsóknarinnar var einnig það að kvartanir höfðu borist vegna þess að vöndlarnir voru taldir raska samkeppni og útbreiðsla þeirra var talsverð í Þýskalandi.<sup>8</sup>

<sup>8</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. M.8864 – Vodafone / Certain Liberty Global Assets frá 18. júlí 2019. Um var að ræða samruna sem fól í sér yfirtöku Vodafone á Liberty Global. Vodafone og tengd félög bjóða upp á alhliða fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og starfa í 12 aðildarríkjum ESB. Liberty Global bauð líka alhliða fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og starfaði í 11 aðildarríkjum ESB. Ljóst var því að yfirtakan hafði nokkuð viðtæk áhrif víða á



91. Nánar tiltekið voru teknir til skoðunar vöndlar fyrir tvíþætta þjónustu (tvíleik) sem innhélt fastlínusíma og Internetþjónustu, tvær tegundir þríþættrar þjónustu (þríleik) sem annars vegar innihélt fastlínusíma, Internetþjónustu og sjónvarpsþjónustu og hins vegar fastlínusímaþjónustu, Internet- og farsímaþjónustu og fjórþætta þjónustu (fjórleik). Við mat á samkeppnislegum áhrifum á þessum fjórum mögulegu mörkuðum fyrir vöndla var það niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar að samruninn myndi hafa lárétta samkeppnislega röskun í för með sér á mögulegum markaði fyrir vöndla (tvíleik) en ekki hinum þremur (tveimur mögulegum þríleiksmörkuðum og einum fjórleik).<sup>9</sup> Niðurstaðan varðandi tvíleiksmarkaðinn var sú að mikil samlegð væri í smásölu á Internetþjónustu og á mögulegum markaði (tvíleik) fyrir fastlínubjónustu og fastlínuinternet.
92. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir framangreint mál og fleiri fordæmi framkvæmdastjórnarinnar sem fjallað er m.a. nánar um í ákvörðun eftirlitsins nr. 24/2023 að sterk rök eru fyrir því að skilgreina sérstaka markaði fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu.
93. Það sem helst hefur verið talið veita vísbendingar um að vöndlar myndi sértaka markaði er hvort mikill munur (einkum verðmunur) sé á milli varanna saman í vöndli annars vegar samanborið við hvað þær kosta stakar þegar vöndullinn hefur verið brotinn upp. Einnig hefur þýðingu hvort veitt séu fríðindi eða viðbótarþjónusta með vöndlinum.
94. Hvað varðar t.a.m. vöndla Símans, Sýnar og Nova á þessu sviði var einnig ítarleg umfjöllun um þá í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 24/2023 (mgr. 144-170). Talið var að mikill verðmunur á vörum í vöndli miðað við sölu á þeim stökum og ekki síður mismunandi aukin fríðindi/þjónusta í tengslum við framboð vöndlanna gefi sterkar vísbendingar um að sérstakur vöru- og þjónustumarkaður sé til staðar fyrir þá hér á landi. Kom fram það mat Samkeppniseftirlitsins að það sé ólíklegt að lítil verðhækkun á vöndli (5-10%) myndi leiða til þess að viðskiptavinur myndi leysa vöndulinn upp og kaupa þess í stað sömu vöru og þjónustur stakar. Var þetta talið eiga við um stærstu og vinsælustu vöndla Símans, Sýnar og Nova og einnig reyndar flesta af öðrum vöndlum fyrirtækjanna.
95. Taldi Samkeppniseftirlitið því í ákvörðun nr. 24/2023 að sterkar líkur væru á því að unnt væri að skilgreina sérstakan vörumarkað fyrir vöndla sem innihéldi bæði fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Með vöndli í þessu samhengi væri þá átt við samsettan vöru- og þjónustupakka fjarskiptafyrirtækis sem innihéldi bæði fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og markaðssettur og seldur sem slíkur vöndull í smásölu, á lægra verði en ef umræddir þjónustubættir væru keyptir stakir. Um gæti verið að ræða fleiri en einn markað eftir þjónustubáttum, t.d. Internet og sjónvarpsþjónusta (tvíleikur) eða Internet, farsími og sjónvarpsþjónusta (þríleikur). Þá kynni að vera mögulegt að skilgreina frekari undirmarkaði fyrir tiltekna tegundir og/eða stærðir vöndla.
96. Samkeppniseftirlitið telur unnt að byggja á framangreindu heildarmati í þessu máli og telur sennilegt að fyrir hendi sé sérstakur markaður fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Hér er þó sem fyrr ekki fullyrt um að slíkur markaður sé til staðar hér á landi. Til þess að komast að endanlegri niðurstöðu um það þyrfti að fara fram ítarlegri rannsókn sem mögulega verður framkvæmd komi til þess að endanleg ákvörðun verði tekin í málinu.

fjarskiptamörkuðum í Evrópu og samkeppnislegra áhrifa gætti t.a.m. í Þýskalandi, Hollandi, Ungverjalandi, Rúmeníu og Tékklandi.

Sjá nánar hér: [https://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/decisions/m8864\\_7363\\_3.pdf](https://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/decisions/m8864_7363_3.pdf)

<sup>9</sup> Sjá umfjöllun í mgr. 209-224 í ákvörðuninni.



97. Í tengslum við ákvörðun nr. 24/2023 var aflað upplýsinga til að meta hlutdeild á mörkuðum fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Til að meta hlutdeild miðað við tekjur var aflað upplýsinga frá fyrirtækjum á markaðnum (mgr. 171-177).
98. Í töflu 4 koma fram upplýsingar um hlutdeild miðað við tekjur fyrir allar tegundir vöndla teknar saman (tví-, þrí- og fjórþættrar þjónustu) enda líklega helst marktækt þar sem ljóst er að þegar flokkarnir eru aðgreindir eru tekjurnar og/eða fjöldi fyrirtækja ekki miklar/mikill.

**Tafla 4. Vöndlar fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu – tví-, þrí- og fjórþættrar þjónustur teknar saman. (hlutdeild m.v. tekjur í ma.kr.)**

Fyrirtæki	2019	2020	2021
Síminn	[85-90]%	[75-80]%	[60-65]%
Sýn	[10-15]%	[15-20]%	[25-30]%
Nova		[0-5]%	[10-15]%
Aðrir		[0-5]%	[0-5]%
<b>Samtals</b>	<b>[...]</b>	<b>[...]</b>	<b>[...]</b>

99. Af þessum upplýsingum er ljóst að ef miðað væri við mögulegan heildarmarkað fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu er Síminn með mikla yfirburði og á það sérstaklega við á árinu 2019 en á því ári tók fyrirtækið yfir Enska boltann og vöndlaði útsendingum á sjónvarpsrásinni Síminn Sport. Með hliðsjón af þessu er það mat Samkeppniseftirlitsins að Síminn njóti mikilla yfirburða á mögulegum markaði fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Ljóst er að um fákeppni er að ræða á þessu sviði og hlutdeild Símans hefur verið um tvöföld (Sýn) eða þreföld (Nova) á við keppinauta.
100. Í þessu máli liggja ekki fyrir nýrri upplýsingar um hlutdeild á mögulegum vöndlamarkaði miðað við tekjur. Rétt er þó í því sambandi að nefna að Fjarskiptastofa hefur frá árinu 2016 í gagnaöflun sinni á fjarskiptamörkuðum greint á milli annars vegar vöndla með Interneti og hins vegar með Interneti og sjónvarpi. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 24/2023 er greint nánar frá þessum upplýsingum. Upplýsingar sem þar koma fram um hlutdeild miðað við fjölda vöndla með Internet- og sjónvarpsþjónustu þar sem tví-, þrí- og fjórþættrar þjónustur eru teknar saman sýna að hlutdeild Símans hefur aukist á milli árána 2021 og 2022. Var hlutdeildin 64,9% árið 2021 en 67,0% 2022. Vísbendingar eru því um að Síminn hafi verið að styrkja stöðu sína á þessu sviði.
101. Svo há hlutdeild á þessum markaði sem raun ber vitni felur í sér skýra vísbendingu um markaðsyfirráð Símans.

### 6.3. Aðrir fjarskipta- og sjónvarpsmarkaðir

102. Í ákvörðun nr. 24/2023 var einnig fjallað um aðra fjarskipta- og sjónvarpsmarkaði sem Síminn starfar á og á flestum þeirra eru Nova og Sýn einnig starfandi. Á flestum þeirra er staða fyrirtækisins sterk að því leyti að hlutdeild er yfirleitt há samanborið við aðra keppinauta. Ef Síminn er ekki með hæstu hlutdeildina er fyrirtækið með þá næst hæstu sem reyndar á bara við í tilviki áskriftarsjónvarps, þar sem hlutur Sýnar er meiri, og svo er hlutdeild á farsímamarkaði áþekk og hlutdeild Nova. Á öllum öðrum sviðum, þ.e. í talsíma, Internettengingum, hluta af sjónvarpsmörkuðum, vöndlamarkaði og við sölu á Enska boltanum, er hlutdeild Símans hæst og í flestum tilvikum tvö- eða þreföld á við þann keppinaut sem næst kemur að stærð. Í eftirfarandi töflu 5 er tekin saman markaðshlutdeild aðila fyrir aðra markaði sem Síminn, Nova og Sýn starfa



á og geta einnig haft þýðingu m.v. árið 2021. Tölur frá árinu 2022 eru hins vegar fjöldatölur frá Fjarskiptastofu (FST).

**Tafla 5. Samantekt um hlutdeild á öðrum fjarskipta- og sjónvarpsmörkuðum árið 2021/2022.**

Markaður – fyrirtæki – 2021/2022	Ár	Síminn	Sýn	Nova	Hringdu	Aðrir	Tekjur /fjöldi
Farsímabjónusta – tekjur	2021	[30-35]%	[25-30]%	[35-40]%	[0-5]%	[0-5]%	[...] ma.kr.
Talsímabjónusta	2021	[60-65]%	[20-25]%	[5-10]%	[0-5]%	[0-5]%	[...] ma.kr.
Intertengingar og Internetþjónusta	2021	[40-45]%	[25-30]%	[20-25]%	[0-5]%	[10-15]%	[...] ma.kr.
<b>Sjónvarpsþjónusta</b>							
- áskriftarsjónvarp – heild	2021	[35-40]%	[40-45]%	[0-5]%		[15-20]%	[...] ma.kr.
- áskriftarsjónvarp – línuleg	2021	[25-30]%	[65-70]%	[0-5]%		[0-5]%	[...] ma.kr.
- áskriftarsjónvarp – ólínuleg	2021	[45-50]%	[20-25]%	[0-5]%		[25-30]%	[...] ma.kr.
- áskriftarsjónvarp – ólínuleg – innlendir	2021	[65-70]%	[30-35]%	[0-5]%			[...] ma.kr.

103. Á farsímamarkaði er Síminn með [30-35]% hlutdeild í smásölu miðað við tekjur (2021) og [35-40]% miðað við fjölda (2022). Þar er hins vegar Nova með hæstu hlutdeildina, eða [35-40]% miðað við tekjur (2021). Markaðshlutdeild Símans og keppinauta fyrirtækisins á markaði fyrir farsímamarkaði veitir því ekki ein og sér skýrar vísbendingar um markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins. Hins vegar að teknu tilliti til stöðu fyrirtækisins á öðrum sviðum og ríkra hagsmunatengsla sem virðast ennþá vera við Mílu voru í ákvörðun nr. 24/2023 taldar sterkar vísbendingar um að styrkur Símans á farsímamarkaði gæti verið meiri en hlutdeildin ein og sér segði til um.
104. Þá voru sterkar vísbendingar voru taldar um markaðsráðandi stöðu Símans á talsímamarkaði, en þar er hlutdeild Símans [60-65]% í smásölu miðað við tekjur (2021) og [70-75]% miðað við fjölda (2022).
105. Á markaði fyrir Internetþjónustu og tengingar er hlutdeild Símans mest eða [40-45]% miðað við tekjur (2021) og [40-45]% miðað við fjölda (2022), sem er tvöföld á við hlutdeild Sýnar og þreföld á við hlutdeild Nova.
106. Hvað áskriftarsjónvarpsmarkaði varðar er ljóst að þar er staða Símans einnig sterk að því er varðar ólínulega þjónustu og dreifingu í gegnum IPTV eða [60-65]% miðað við tekjur (2021). Hlutdeild Sýnar er hins vegar mest þegar áskriftarsjónvarp í heild er tekið saman eða [40-45]% miðað við tekjur (2021).
107. Þegar litið er til mögulegra markaða fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu er það mat Samkeppniseftirlitsins að þar hafi Síminn talsverða yfirburði. Sé litið til hlutdeildar út frá tekjum



fyrir tví-, þrí- og fjórbætta þjónustu er hlutdeild Símans mest miðað við tekjur eða [60-65]% (2021). Miðað við fjölda er hlutdeildin [45-50]% (2022).

#### 6.4. Efnahagslegur styrkleiki

108. Við mat á markaðsráðandi stöðu getur efnahagslegur styrkleiki einnig skipt miklu máli. Í töflu 6 er yfirlit yfir nokkrar lykiltölur úr ársreikningum Símans, Sýn og Nova fyrir árin 2021 og 2022. Jafnframt eru reiknaðar tvær kennitölur. Rétt er að taka fram að stórar eignir voru seldar úr félögunum á árinu 2021 (t.d. samruni Milu og Adrian) og kann það að skekkja samanburð á milli félaga og ára.<sup>10</sup>

Tafla 6. Efnahagslegur styrkleiki (tekjur í ma.kr.)

Fyrirtæki	Ár	Rekstrar-tekjur	EBITDA	Eignir	Skuldir	Eigið fé	EBITDA %	Eiginfjár-hlutfall
Síminn	2021	24.543	5.502	69.727	38.646	31.079	22,4%	44,6%
	2022	24.572	6.149	51.181	15.920	35.261	25,0%	68,9%
Sýn	2021	21.765	6.432	36.501	25.966	10.535	29,6%	28,9%
	2022	22.983	6.644	33.926	24.457	9.469	28,9%	27,9%
Nova	2021	12.982	4.078	14.705	12.303	2.402	31,4%	16,3%
	2022	12.641	3.739	13.983	11.440	2.543	29,6%	18,2%

109. Rekstrarlega séð eru Síminn og Sýn í svipaðri stöðu þar sem Síminn er með aðeins hærri rekstrartekjur fyrir bæði árin, en EBITDA framlegð Sýnar er aðeins hærri en Símans. Nova er hins vegar með hæstu EBITDA framlegðina. Hins vegar ef litið er til stærða úr efnahagsreikningi félaganna er Síminn með afgerandi sterkari stöðu en hin félögin bæði m.t.t. eiginfjár og heildar eigna. Þá er eiginfjár hlutfall Símans einnig mun hærra en hjá hinum félögunum.

#### 6.5. Landfræðilegur markaður

110. Landfræðilegur markaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

111. Samkeppniseftirlitið telur sennilegt að landfræðilegur markaður máls sé landið allt. Þessu til stuðnings má vísa til þess að í fyrri ákvörðunum samkeppnisyrvalda varðandi fjarskipta- og sjónvarpsmarkaðinn hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að landfræðilegi markaðurinn sé þar sem viðkomandi fyrirtæki geta veitt þjónustu sína. Þannig var t.a.m. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017 byggt á því að landið allt væri einn markaður og átti það við um alla skilgreinda vöru- og þjónustumarkaði sem eru að miklu leyti þeir sömu og í þessu máli.

#### 6.6. Samantekt um stöðu Símans

112. Síminn hefur 100% markaðshlutdeild miðað við tekjur á markaði fyrir heildsölu á Enska boltanum og nýtur þar einokunar. Í smásölu hefur fyrirtækið verið með um 75-85% hlutdeild síðastliðin ár. Smásölumarkaðurinn er fákeppnismarkaður þar sem þrír keppinautar hafa starfað

<sup>10</sup> Í ársreikningi Símans fyrir árið 2022 kemur fram að félagið hyggist greiða út 15,7 ma. kr. til hluthafa á árinu 2023. Þetta mun minnka eigið fé Símans og draga nokkuð úr efnahagslegum styrkleika félagsins. Eiginfjárlutfallið mun þó vera áfram hátt og mun hærra en hinna félaganna.



og var gildi HHI 6.833 miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2023. Ljóst er að gangi synjun Símans eftir gagnvart Nova hækkar gildið í 7.501. Síminn er einnig með sterka stöðu á markaði fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og skýrar vísbendingu um markaðsyfirráð Símans á því sviði. Hvað aðra fjarskipta- og sjónvarpsmarkaði varðar er staða Símans einnig í flestum tilvikum mjög sterk og sama á við um efnahagslegan styrk fyrirtækisins auk þess sem fyrirtækið býr yfir mikilli breidd í vöru- og þjónustuframboði.

## 7. Fyrri aðkoma Samkeppniseftirlitsins

113. Samkeppniseftirlitið hefur látið sig varða samkeppni á fjarskiptamörkuðum um árabíl og lagt áherslu á að kraftar samkeppninnar fái notið sín á þessum mörkuðum líkt og öðrum. Hefur eftirlitið einnig haft háttsemi af hálfu Símans, sem svipar til þeirrar sem er til skoðunar í þessu máli, til rannsóknar áður.

### Frummat Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnishamlandi háttsemi Símans – júlí 2019

114. Árið 2019 tók Samkeppniseftirlitið til skoðunar háttsemi Símans í tengslum við framboð og verðlagningu á Enska boltanum, Sjónvarpi Símans Premium og Heimilispakkans. Málið var tekið til rannsóknar á grundvelli erinda frá Sýn hf., þar sem því var haldið fram að Síminn hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með samtvinnun á netþjónustu og sjónvarpsþjónustu en einnig með synjun á heildsöluaðgangi að sjónvarpsefni.
115. Frummat Samkeppniseftirlitsins sem kynnt var málsaðilum með bréfi þann 24. júlí 2019 var að Síminn (og/eða þáverandi dótturfélagið Míla) væru líklega í markaðsráðandi stöðu á heildsölu- og smásölumarkaði fyrir talsíma, farsíma, stofnnet og aðgangsnét, internettengingar og internetþjónustu ásamt markaði fyrir Enska boltann. Til viðbótar við háa markaðshlutdeild á mörkuðunum, hvar Síminn var einnig talinn hafa 100% hlutdeild á markaði fyrir Enska boltann, voru önnur atriði talin veigamikil við matið, s.s. fjárhagslegur styrkleiki Símasamstæðunnar, breiddarhagkvæmni og aðgangshindranir sem studdu enn frekar við mat eftirlitsins varðandi markaðsráðandi stöðu Símans á fyrrgreindum mörkuðum.
116. Þá var einnig frummat Samkeppniseftirlitsins sem kynnt var í umræddu bréfi frá 24. júlí 2019 að Síminn kynni að hafa brotið ákvæði í sáttum sem fyrirtækið gerði við eftirlitið og koma fram í ákvörðunum eftirlitsins nr. 20/2015 *Breyting á skilyrðum vegna eignarhalds á Skjánum – Niðurfelling ákvörðunar nr. 10/2015* ásamt skilyrðum í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 *Skipulag Símasamstæðunnar og aðgerðir til að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði – Breyting á ákvörðun nr. 6/2013*. Var um að ræða að Enski boltinn, sem hluti af Heimilispakka Símans og Sjónvarpi Símans Premium, fæli í sér samtvinnun eða verðlagningu (sk. vöndlun) sem mögulega mætti jafna til slíkrar háttsemi sem færi gegn fyrrgreindum skilyrðum.
117. Þá taldi Samkeppniseftirlitið að synjun Símans á heildsöluaðgangi að Enska boltanum bæri einkenni ólögætrar sölusynjunar sem færi líklega gegn 11. gr. samkeppnislaga. Þá voru einnig taldar til staðar mögulegar vísbendingar um að vöndlun Símans með Enska boltann bryti í bága við umrætt ákvæði 11. gr. í ljósi mögulegra brota á fyrrgreindum sáttum.
118. Samkeppniseftirlitið gat ekki fallist á réttlættingarástæður Símans fyrir háttseminni sem voru af svipuðum toga og settar eru fram í þessu máli og nánar verður fjallað um hér á eftir. Viðbrögð Símans við frummatinu voru að gera samning um heildsölu á Símanum Sport við bæði Nova og Sýn og hafa umrædd fyrirtæki því geta boðið Enska boltann í smásölu til sinna viðskiptavina.





119. Ekki var í málinu tekin endanleg afstaða til háttsemi Símans að þessu leyti, þ.e. hvað umrædda sölusynjun varðar, en bæði Nova og Sýn hafa þó nefnt að synjunin á sínum tíma hafi leitt til þess að þau misstu talsvert að viðskiptavinum yfir til Símans.<sup>11</sup>

## 8. Erlend fordæmi

120. Erlend samkeppnisyfirvöld í Evrópu, þar á meðal framkvæmdastjórn ESB, hafa komist að þeirri niðurstöðu að óskiptur einkaréttur á sýningum og sölu á Enska boltanum til eins fyrirtækis í tilteknu ríki, eða á útsendingum frá jafn mikilvægri og vinsælli knattspyrnudeild í viðkomandi ríki, kunni að leiða til röskunar á samkeppni (e. *no single buyer rule*) sem krefjist íhlutunar samkeppnisyfirvalda. Þá hafa framkvæmdastjórnin og yfirvöld annarra ríkja á innri markaðnum hafa jafnframt fjallað um og skyldað fyrirtæki til þess að veita heildsöluaðgang að mikilvægu sjónvarpsefni á sviði íþróttar til að fyrirbyggja skaðleg áhrif á samkeppni.

121. Í þessu samhengi telur Samkeppniseftirlitið að tilefni sé til þess að reifa eftirfarandi erlend fordæmi á þessu sviði:

### Framkvæmdastjórn ESB

#### Joint selling of the media rights to the FA PL - 2006

122. Til að bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem fyrirkomulag við sölu á sýningarrétti á Enska boltanum til eins kaupanda hafði í för með sér hefur framkvæmdastjórn ESB lagt á kvaðir um að sýningarréttur á Enska boltanum sé boðinn út til fleiri en eins aðila fyrir tiltekið afmarkað tímabil í senn.<sup>12</sup>

123. Í samantekt um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, dags. 22. mars 2006, segir eftirfarandi í 4. tl.:

*„The commitments introduce greater competition into the marketing of Premier League rights, provide a transparent and non-discriminatory sales procedure, ensure that no single purchaser will be able to buy all live TV rights, improve accessibility of content for television, radio and new media operators, and make sure that all rights are being made available to the market.“<sup>13</sup>*

<sup>11</sup> Málinu lyktaði hins vegar með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að með markaðsfærslu Símans á Enska boltanum hefðu ákvæði í sáttum í ákvörðunum nr. 20/2015 og 6/2015 sem taka á samvinnunni við sölu á vörum og þjónustu eða verðlagningu sem talin er ígildi hennar verið brotin. Var Símanum gert að greiða 500 m.kr. í stjórnvaldssekt í málinu.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2020 var staðfest að Síminn hefði brotið ákvæði í sáttinni sem fram kemur í ákvörðun nr. 20/2015 með því að tvíanna saman fjarskiptabjónustu og línulega sjónvarpsþjónustu (Enska boltann á Símanum Sport) í Heimilispakkanum. Taldi nefndin að brot Símans hefði verið alvarlegt og að háttsemi fyrirtækisins hefði verið í andstöðu við ákvæði sáttarinnar sem fyrirtækið hafði undirgengist að hafa í heiðri í starfsemi sinni. Var talið að Símanum hefði ekki getað dulist að markaðssetning og sala fyrirtækisins á sjónvarpsrásinni Símanum Sport kynni að fara í bága við sáttina. Með þessu var fallist á þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að verðlagning Símans á Enska boltanum, sem hluta af Heimilispakkanum, hefði hindrað samkeppni og takmarkað möguleika keppnauta Símans til að laða til sín viðskiptavini. Var Símanum gert að greiða 200 m.kr. í stjórnvaldssekt. Áfrýjunarnefndin vísaði á hinn bóginn meintum brotum á ákvæðum í ákvörðun nr. 6/2015 til nýrrar efnismeðferðar Samkeppniseftirlitsins.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4043/2021 frá 11. október 2022 var úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála felldur úr gildi. Jafnframt var felld úr gildi stjórnvaldssekt Símans vegna brotsins. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefðu verið færðar nægar sönnur fyrir brotinu svo fullnægt væri grundvallarréttindum 70. gr. mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá var í dóminum einnig fjallað um kröfu Samkeppniseftirlitsins um að endurskoðuð yrði sú niðurstaða áfrýjunarnefndar að vísa til nýrrar meðferðar mögulegu broti gegn sátt Símans við Samkeppniseftirlitið sem fram kemur í ákvörðun nr. 6/2015. Féllst héraðsdómur ekki á þá kröfu. Málið er nú til meðferðar fyrir Landsrétti.

<sup>12</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins COMP/38.173, *Joint selling of the media rights to the FA Premier League*; [http://ec.europa.eu/competition/elojade/isef/case\\_details.cfm?proc\\_code=1\\_38173](http://ec.europa.eu/competition/elojade/isef/case_details.cfm?proc_code=1_38173)

<sup>13</sup> Sjá: [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC0112\(03\)&from=EN](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC0112(03)&from=EN)



### Samruni Newscorp og Telepiu - 2003

124. Í máli *Newscorp og Telepiu* árið 2003, taldi framkvæmdastjórn ESB að samruni þessara fyrirtækja myndi leiða til styrkingar á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir áskriftarsjónvarp á Ítalíu. Í málinu skilgreindi framkvæmdastjórnin jafnframt markaði fyrir öflun sýningarétta að mikilvægum kvikmyndum, öflun einkaréttar að sýningum á árlegum knattspyrnuviðburðum, og sýningarétt fyrir aðrar íþróttir. Í málinu bjó hið sameinaða fyrirtæki m.a. yfir sýningarétti fyrir ítalska boltann og fleiri skipulagðar keppnir í knattspyrnu. Að mati framkvæmdastjórnarinnar fengi hið sameinaða fyrirtæki einokunarstöðu við dreifingu sjónvarps um gervihnött á hinum landfræðilega markaði með samrunanum (e. *direct to home, DTH*), og hefði bæði hvata og getu til þess að útiloka núverandi og mögulega keppinauta á sjónvarpsmarkaði. Til þess að lágmarka skaðleg áhrif samrunans og til þess að fjarlægja aðgangshindranir á markaði fyrir áskriftarsjónvarp, gerði framkvæmdastjórnin það að skilyrði að hinu sameinaða fyrirtæki yrði skylt að bjóða öðrum fyrirtækjum heildsöluaðgang að mikilvægu sjónvarpsefni til smásölu og dreifingar á öðrum tegundum dreifikerfa.<sup>14</sup>

### Þýsk samkeppnisfyrivöld

#### Joint selling of media rights to matches of the German Bundesliga - 2016

125. Í málinu töldu þýsk samkeppnisfyrivöld að sala á óskiptum einkarétti að öllum leikjum þýsku úrvalsdeildarinnar til eins rétthafa hefði m.a. skaðleg útilokunaráhrif á fráliggjandi markaði fyrir áskriftarsjónvarp, og fyrir nýsköpun og nýja tækni við dreifingu sjónvarpsefnisins yfir Internetið. Þýsk fyrivöld innleiddu því „no single buyer“ regluna með ákvörðun sinni hinn 11. apríl 2016 og settu sem skilyrði að sýningarrétturinn yrði seldur fleiri en einum rétthafa: „*The specific marketing model design enables the football association to use this position to limit access to the rights by reducing their supply and foreclosing the downstream markets. This is achieved by hindering the market entry of potential buyers of rights as the original model allows for the exclusive acquisition of live rights by a single buyer, thus extracting the buyer's maximum willingness to pay. With the growing technical and commercial possibilities provided by the Internet this foreclosure effect of joint selling also restricts competition in innovation on the Internet. This is particularly so because rights are usually granted for several years, in this case, four years [...]*“<sup>15</sup>

### Samkeppnisfyrivöld í Þýskalandi

#### Joint selling of media rights to matches of the German Bundesliga - 2020

126. Í málinu rannsökuðu þýsk samkeppnisfyrivöld skilyrði fyrir sölu á sýningarrétti að öllum leikjum þýsku úrvalsdeildarinnar (Bundesliga og Bundesliga 2) fyrir tímabilin 2021/2022 til 2024/2025. Með ákvörðun frá 20. mars 2020 samþykktu samkeppnisfyrivöld uppfærð skilyrði þar sem leikjunum var skipt niður í fjóra pakka. Í fréttatilkynningu þýskra yfirvalda sem fylgdi ákvörðuninni sagði nánar:
127. „*According to the marketing model proposed by DFL for the 2021/22 to 2024/25 seasons, the broadcasting rights are to be sold within the framework of an auction for live games in four packages (Saturday afternoon, Saturday evening, Friday/Sunday and Saturday conference). Every*

<sup>14</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í máli COMP/M.2876, *News Corporation Limited Telepiù Spa og Stream Spa*, dags. 2. apríl 2003; Sjá einnig Damien Geradin, *Access to content by new media platforms: a review of the competition law problems*, *European Law Review*, 2005.

<sup>15</sup> Sjá ákvörðun Bundeskartellamt B 6 -32/15, *Joint selling of media rights to matches of the German Bundesliga*, frá 11. apríl 2016: [https://www.bundeskartellamt.de/SharedDocs/Entscheidung/EN/Fallberichte/Kartellverbot/2017/B6-32-15.pdf?\\_\\_blob=publicationFile&v=2](https://www.bundeskartellamt.de/SharedDocs/Entscheidung/EN/Fallberichte/Kartellverbot/2017/B6-32-15.pdf?__blob=publicationFile&v=2)



package covers all transmission channels (satellite, cable, internet). It is not possible for a single bidder to acquire all of the four packages exclusively ('no single buyer' rule). Based on this requirement the specific bids submitted by the participating bidders can result in different outcomes. For example, DFL can grant individual packages of rights to different acquirers if they submit bids to this effect. However, DFL could also grant all of the four packages of rights covering all transmission channels to one single acquirer. In this case, DFL will grant two of the four packages on a co-exclusive basis to a second acquirer for OTT coverage."<sup>16</sup>

#### Breska Ofcom – eftirlitsstofnun á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði

##### Ofcom investigation into Premier League football rights - 2016

128. Breska eftirlitsstofnunin á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði Ofcom hafði til rannsóknar hvernig og með hvaða hætti enska úrvalsdeildin seldi sýningarrétt að útsendingum knattspyrnuleikja deildarinnar í ljósi breskra samkeppnislaga og hvort söluþyrirkomulagið raskaði samkeppni. Ofcom hætti rannsókninni og lauk málinu að því er virðist án ákvörðunar, annars vegar þar sem fjöldi útsendinga var aukinn töluvert í samræmi við skilyrði framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2006, og hins vegar þar sem enska úrvalsdeildin ákvað að innleiða „no single buyer“ regluna fyrir næsta útböð sýningaréttar, þannig að enginn einn aðili gæti fengið óskiptan sýningarrétt að enska boltanum þar í landi. Í tilkynningu Ofcom við lok rannsóknar segir m.a. eftirfarandi:

*„Ofcom has today closed its investigation into how the Premier League sells live UK audio-visual media rights for Premier League football matches. The investigation, carried out under the Competition Act 1998, considered whether the selling arrangements of the Premier League restricted or distorted competition. [...] The next auction will include a 'no single buyer' rule, which means that more than one broadcaster must be awarded rights. At least 42 matches per season will be reserved for a second buyer, of which a minimum of 30 will be available for broadcast at the weekend.“<sup>17</sup>*

##### BskyB - 2010

129. Í máli breska fyrirtækisins BskyB sem starfrækir m.a. sjónvarpsstöðvar fyrir íþrótttaefni undir heitinu Sky Sports 1 og 2, réð fyrirtækið yfir einkarétti fyrir sýningar á ensku úrvalsdeildinni um árabíl. Árið 2010 taldi Ofcom, sem er sem fyrr segir eftirlitsstofnunin á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði í Bretlandi, fyrirtækið vera markaðsráðandi á heildsölumarkaði fyrir mikilvægt íþróttasjónvarpsefni. Vegna þessa hefði fyrirtækið í fyrsta lagi hvata til þess að útiloka dreifingu sportrása sinna um önnur dreifikerfi en sitt eigið vegna lóðréttar samþættingar. Í öðru lagi gæti fyrirtækið yfirverðlagt sjónvarpsefnið á heildsölustigi.
130. Til þess að tryggja að BskyB myndi ekki grípa til aðgerða á grundvelli framangreindra hvata og til að fyrirbyggja skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi mörkuðum taldi eftirlitsstofnunin nauðsynlegt að leggja þá skyldu á BskyB að bjóða smásöluþyrirkækjum á sjónvarpsmarkaði heildsöluáðgang að Sky Sports 1 og 2, að fenginni beiðni slíkra fyrirtækja (e. *wholesale must offer*) og á öðrum dreifikerfum en Sky dreifikerfinu um gervihnött.<sup>18</sup>

<sup>16</sup> Sjá fréttatilkynningu Bundeskartellamt, dags 20. mars, vegna ákvörðunar B6-28/19, *Joint selling of media rights to matches of the German Bundesliga*; [https://www.bundeskartellamt.de/SharedDocs/Publikation/EN/Pressemitteilungen/2020/20\\_03\\_2020\\_DFL.pdf?\\_\\_blob=publicationFile&v=2](https://www.bundeskartellamt.de/SharedDocs/Publikation/EN/Pressemitteilungen/2020/20_03_2020_DFL.pdf?__blob=publicationFile&v=2)

<sup>17</sup> <https://www.ofcom.org.uk/about-ofcom/latest/media/media-releases/2016/premier-league-football-rights>

<sup>18</sup> Ofcom, Pay TV statement, dags. 31. mars 2010, ('the 2010 Pay TV statement'),



### Bresk samkeppnisfyrivöld

#### Sameiginlegt verkefni Warner Bros. Discovery, Inc og BT Group plc - 2015

131. Í máli Warner Bros. Discovery, Inc og BT Group plc árið 2015 rannsökuðu bresk samkeppnisfyrivöld sameiginlegt verkefni þessara fyrirtækja (e. *joint venture*), sem fól í sér sýningarrétt á íþróttafni á m.a. Enska boltanum og Meistaradeild Evrópu. Samkeppnisfyrivöld töldu ekki þörf á að slá því föstu nákvæmlega hver væri vörumarkaðurinn í málinu en tóku fram að gögn málsins bentu til að hægt væri að gera greinarmun á milli sk. „premium“ íþróttar og „non-premium“. Flestir markaðsaðilar voru sammála því að undir „premium“ flokkinn félli t.a.m. Enska boltinn og Meistaradeild Evrópu:
132. Nánar segir í ákvörðun í málinu: „*In relation to the acquisition of sports rights for the UK, the evidence indicates that BT Sport has a wider strategic focus than Eurosport UK&I (in that BT Sport acquires both high value ‘premium’ sports content (namely, rights for the Premier League and Champions League football) and other, lower value ‘non-premium’ AV sports content, while Eurosport UK&I focuses solely on non-premium AV sports content).*”<sup>19</sup>

### Spænsk samkeppnisfyrivöld

#### Telefónica og DTS (móðurfélags Canal Plus Espana) - 2015

133. Í máli Telefónica og DTS (móðurfélags Canal Plus Espana) árið 2015, settu spænsk samkeppnisfyrivöld skilyrði fyrir samruna fyrirtækjanna á fjarskiptamarkaði og markaði fyrir áskriftarsjónvarp. Meðal annars var lögð sú skylda á hið sameinaða fyrirtæki að veita öðrum fyrirtækjum á markaði fyrir áskriftarsjónvarp aðgang að mikilvægu íþróttasjónvarpsefni á sviði knattspyrnu sem Teléfonica hafði einkarétt fyrir. Jafnframt undirgekkst Teléfonica skilyrði um tiltekin aðgang annarra fyrirtækja að aðgangsnetum sínum vegna getu og hvata fyrirtækisins til þess að útiloka keppinauta á sjónvarpsmarkaði sem starfræktu sjónvarpsþjónustu um Internet.<sup>20</sup>

### Dönsk samkeppnisfyrivöld

#### Sýningarréttur að dönsku fótboldadeildinni, undanþága til bráðabirgða - 2022

134. Dönsk samkeppnisfyrivöld komust að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni frá 21. desember 2022 um reglur um útboð á sýningarrétti að dönsku úrvaldsdeildinni, að til væri sérstakur heildarmarkaður fyrir sjónvarpsþjónustu, sem samanstæði af lóðrétt tengdum undirmörkuðum. Að mati samkeppnisfyrivalda væri sérstakur markaður fyrir sýningarrétt að sjónvarpsefni og að einnig væri markaður fyrir framboð á sjónvarpsrásum og markaður fyrir dreifingu á sjónvarpsrásum. Í ákvörðuninni voru leiddar líkur að því að hægt væri að skilgreina markaðinn fyrir sýningarrétt að sjónvarpsefni í frekari undirmarkaði, þar sem að fótboltaáhorf hefði sérstöðu í huga neytenda, sk. markaður fyrir „premium“ sýningarrétt að fótbolta, sem næði yfir Champions League og Premier League ásamt efstu deildinni í fótbolta í Danmörku, sk. „superliga“. Þá kom fram að mikil eftirspurn væri eftir Meistaradeild Evrópu og enska boltanum

- [http://stakeholders.ofcom.org.uk/binaries/consultations/third\\_paytv/statement/paytv\\_statement.pdf](http://stakeholders.ofcom.org.uk/binaries/consultations/third_paytv/statement/paytv_statement.pdf); Sjá einnig Robin Kerremans og Katrien Lefever, *Football on (must-) offer*, European Competition Law Review, 2011; Ofcom felldi umrædda heildsöluskyldu niður 19. nóvember 2015 þar sem Sky var þá að bjóða viðtækan heildsöluaðgang að sportrásum sínum á viðskiptalegum grundvelli; <https://www.ofcom.org.uk/about-ofcom/latest/media/media-releases/2015/wmo-statement>

<sup>19</sup> Sjá ákvörðun CMA ME/6989/22, *Anticipated joint venture between Warner Bros. Discovery, Inc and BT Group plc*; [https://assets.publishing.service.gov.uk/media/633413ced3bf7f34f3359655/Warner\\_Bros\\_Discovery\\_BT\\_-\\_Decision.pdf](https://assets.publishing.service.gov.uk/media/633413ced3bf7f34f3359655/Warner_Bros_Discovery_BT_-_Decision.pdf)

<sup>20</sup> Pedro Callol, *Spain: mergers – telecommunications and pay-TV*, European Competition Law Review, 2015.



(e. *Champions League* og *Premier League*) og að sérstaða enska boltans, sem dönsku úrvalsdeildarsamtökin áætluðu að yrði með mesta markaðshlutdeild 2023, endurspegladist m.a. í verðþróun sjónvarpsefnisins, miðað við verðþróun á danska boltanum.

135. Þá kom einnig fram í ákvörðuninni að önnur samkeppnisyrðing í Evrópu í löndum þar sem væru sérstaklega sterkar innlendar fótboltadeildir hefðu sett efstu deildum sínum skilyrði hvað sýningarrétt varðaði. Er hér um að ræða hin sk. stóru fimm ríki (e. *the big five*), þ.e. England, Frakkland, Ítalía, Spánn og Þýskaland.<sup>21</sup>

#### Ályktun Samkeppniseftirlitsins um framangreind erlend fordæmi

136. Í fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins til Símans þann 5. júlí 2023 var vísað til þess að framkvæmdastjórn ESB hefði sett bann við óskiptum sýningarrétti (e. *no single buyer rule*) og skyldu til heildsöluaðgangs, sbr. framangreind umfjöllun m.a. Þá var vísað til þess að framkvæmdastjórnin hefði komist að þeirri niðurstöðu að óskiptur einkaréttur á sýningum og sölu á Enska boltanum til eins fyrirtækis í tilteknu ríki, eða á útsendingum frá jafn mikilvægri og vinsælli knattspyrnudeild í viðkomandi ríki, kynni að leiða til röskunar á samkeppni sem krefðist íhlutunar samkeppnisyrvalda.
137. Í svari Símans kemur fram að tilvitnað fordæmi framkvæmdastjórnar ESB hafi lotið að því að sameiginlegt útboð allra félagsliða í ensku úrvalsdeildinni kynni að leiða til röskunar á samkeppni í formi ólögmeis samráðs, í andstöðu við þágildandi 81. gr. Rómarsáttmálans, sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Málið hafi því ekki lotið að mögulegri misnotkun á markaðsráðandi stöðu og ekki verið til skoðunar hvernig jafn skilvirkur keppinautur gæti brugðist við prófi um jafn skilvirkan keppinaut („the EEC test“). Þá hafi frummat framkvæmdastjórnarinnar, er leitt hafi til sáttar í málinu, á þeirri forsendu að óskiptur sýningarréttur gæti leitt til útilokunaráhrifa á fráliggjandi markaði, þ.e., sjónvarpsmarkaði í smásölu.
138. Þá segir að þessi ætlaða hættu á útilokunaráhrifum hafi jafnframt verið forsenda bæði kvartana Nova og Sýnar sem og frummats Samkeppniseftirlitsins frá júlí 2019. Að mati Símans sé sá grundvallarmunur á aðstæðum núna annars vegar, og bæði forsendum frummatsins og ákvörðunar framkvæmdastjórnar ESB hins vegar, að ekki þurfi að spá fyrir um möguleg útilokunaráhrif, heldur liggi nú fyrir gögn sem geri mat á útilokunaráhrifum auðvelt í framkvæmd. Í því sambandi byggir Síminn á því að mjög fáir viðskiptavinir Nova hafi að jafnaði nýtt sér þjónustuna. Þegar af þeirri ástæðu liggi fyrir að útilokunaráhrif synjunarinnar séu „*sýnilega engin*“.
139. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Símans og eins og nánar verður fjallað um hér á eftir telur eftirlitið að þrátt fyrir að fáir viðskiptavinir Nova hafi nýtt sér Enska boltann feli það ekki í sér réttlættingarástæðu fyrir synjuninni. Þá réttlætir það ekki háttsemi Símans að vísa til þess að þjónustan sé aðgengileg á öðrum kerfum þar sem samningssamband viðskiptavinarinns er í því tilviki við Símann.
140. Að mati Samkeppniseftirlitsins staðfestir framangreind umfjöllun mikilvægi Enska boltans sem sjónvarpsefni og að það kunni að hafa skaðleg áhrif á samkeppni ef einkaréttshafi að efninu, eins og Síminn hér á landi, beitir keppinauta sína útilokun frá sölu og markaðssetningu á slíku efni. Þá liggur fyrir að framkvæmdastjórnin og fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnisyrðingir annarra ríkja á innri markaðnum hafa hvort tveggja lagt þá skyldu á knattspyrnudeildir að selja ekki sýningarrétt að útsendingum knattspyrnuleikja eingöngu til eins aðila og skyldað fyrirtæki til þess að veita heildsöluaðgang að mikilvægum sviðum íþróttá, t.a.m. á sviði knattspyrnu, til að

<sup>21</sup> Er hér átt við Premier League í Englandi, Bundesliga í Þýskalandi, La Liga á Spáni, Serie A á Ítalíu og Ligue 1 í Frakklandi.



fyrirbyggja skaðleg áhrif á samkeppni og útilokun keppinauta m.a. í smásölu á vinsælu íþróttæfni.

141. Ljóst er að Síminn hefur einn íslenskra fyrirtækja öðlast einkarétt á Enska boltanum að því er virðist þvert á þær forsendur sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði til grundvallar í framangreindu máli FAPL, sem áttu að tryggja samkeppni á milli aðila á markaðnum.<sup>22</sup> Samkeppniseftirlitið fær heldur ekki séð að samningsfrelsi Símans til að veita heildsöluaðgang eða framselja sýningararétti að Enska boltanum að hluta til annarra fyrirtækja sé takmarkað með einhverjum hætti af hálfu framleiðanda sjónvarpsefnisins enda Síminn ennþá með dreifingarsamning við Sýn vegna Símans Sport.

## 9. Ákvæði 11. gr. samkeppnislaga

142. Í 11. gr. samkeppnislaga er lagt bann við misnotkun markaðsráðandi fyrirtækis á þeirri stöðu sinni. Hafa verður í huga að í samkeppnisrétti hvílir rík skylda á markaðsráðandi fyrirtækjum að grípa ekki til neinna ráðstafana sem raskað geta með óeðlilegum hætti þeirri samkeppni sem ríkir á markaðnum eða misbeita með öðrum hætti stöðu sinni, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 *Eimskipafélag Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Þessi sérstaka skylda helgast m.a. af þeirri staðreynd að samkeppni á viðkomandi markaði er þegar mjög takmörkuð vegna tilvistar hins markaðsráðandi fyrirtækis.
143. Sökum efnahagslegs styrks markaðsráðandi fyrirtækja geta tilteknað aðgerðir þeirra haft skaðleg áhrif á samkeppni og hagsmuni viðskiptavina og neytenda. Umfang hinnar sérstöku skyldu sem hvílir á markaðsráðandi fyrirtækjum um að raska ekki samkeppni ræðst af atvikum í hverju máli fyrir sig. Við nánari skilgreiningu á umræddri skyldu ber að líta til ákvæðis 1. gr. samkeppnislaga en samkvæmt því skal markmiði laganna náð með því m.a. að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og að auðvelda nýjum keppinautum aðgengi að markaðnum. Þá ber að horfa til þess að skyldur markaðsráðandi fyrirtækja geta að öðru jöfnu verið ríkari eftir því sem staða þeirra á markaðnum er sterkari.

### 9.1. Sölusynjun markaðsráðandi fyrirtækis

144. Þegar markaðsráðandi fyrirtæki hafnar því að eiga viðskipti við tiltekinn aðila, án hlutlægra eða málefnaþegra ástæðna getur það falið í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga. Hér ber að líta til þess að ýmsir viðskiptahættir og hegðun á markaði, sem getur talist eðlileg og samkeppnishvetjandi þegar lítil fyrirtæki eiga í hlut, geta haft skaðleg áhrif á viðkomandi markaði ef markaðsráðandi fyrirtæki á í hlut. Þannig verður að telja að sú ákvörðun forsvarsmanna lítils eða meðalstórs fyrirtækis að hafna því að eiga viðskipti við tiltekinn aðila geti í fæstum tilvikum haft í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni og gefi ekki tilefni til afskipta samkeppnisyfirvalda. Öðru máli kann að gegna ef ákvörðun um sölusynjun er tekin af markaðsráðandi fyrirtæki. Í því tilviki kann að vera ástæða til íhlutunar samkeppnisyfirvalda. Löggjafinn hefur viðurkennt að í vissum tilvikum sé rétt að setja samningsfrelsinu ákveðin takmörk og liggja þá almannahagsmunir einnatt til grundvallar.
145. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 107/2000, sem breyttu þágildandi samkeppnislögum nr. 8/1993, segir:
146. „*Meginreglan er sú að fyrirtækjum er frjálst að velja viðsemjendur sína. Þegar um markaðsráðandi fyrirtæki er að ræða er hins vegar nauðsynlegt að meta hagsmuni fyrirtækis sem vill kaupa*

<sup>22</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins COMP/38.173, *Joint selling of the media rights to the FA Premier League*.





*gagnvart hagsmunum markaðsráðandi fyrirtækis af því að stjórna sjálfstæðri viðskiptasamningum sínum. Almennt er talið að í þessu samhengi verði að líta til þess hversu mikilvæg sú vara eða þjónusta sem um ræðir er fyrir þann sem óskar eftir viðskiptum, stöðu þess er synjar sölu á umræddum markaði, auk þess sem það er talið hafa þýðingu hvort hlutlægar og málefnalegar forsendur liggja að baka sölusynjuninni.“*

147. Gripið hefur verið til íhlutunar gegn slíkum synjunum, eða viðskiptaháttum sem líkja má við sölusynjun, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2020, *Sennileg misnotkun Pennans ehf. á markaðsráðandi stöðu og ákvörðun nr. 45/1999, Sölusynjun Daníels Ólafssonar hf. á íblöndunarefni til Nýbrauðs ehf.*

## **9.2. Mismunun markaðsráðandi fyrirtækis gagnvart keppinautum**

148. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. samkeppnislaga segir að bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu geti m.a. falist í því að „viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt.“ Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum sem breyttu eldri samkeppnislögum er þetta bann við mismunun einkum skýrt þannig að það taki til afsláttu og viðskiptakjara en einnig er tekið fram að nauðsynlegt sé að „kanna í hverju einstöku tilfelli fyrir sig hvenær aðilum er mismunað með ólíkum skilmálum í skilningi ákvæðisins.“<sup>23</sup>

## **10. Háttsemi Símans hf. sem til rannsóknar er í málinu**

149. Í máli þessu er til skoðunar hvort sú háttsemi Símans, sem felst í að synja Nova um að gera samning um áframhaldandi heildsölu að sjónvarpsrásinni Enska boltanum, geti talist sennilegt brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að brotið geti hvort tveggja falið í sér sölusynjun í framangreindum skilningi gagnvart Nova og mismunun gagnvart keppinautum en sambærilegri synjun hefur ekki verið beitt gagnvart Sýn.
150. Þess ber að geta að við mat á sennilegu broti samkvæmt 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga eru sönnunarkröfur vægari en við mat á endanlegu broti samkvæmt lögnum.
151. Síminn öðlaðist sýningarrétt að Enska boltanum árið 2019 og í kjölfarið falaðist Nova eftir samningi við Símann til að geta dreift Enska boltanum og/eða öðru sjónvarpsefni frá Símanum á Nova TV sem og möguleika til að kaupa áskriftir í heildsölu í því skyni að geta endurselt þær til viðskiptavina. Eins og áður hefur verið fjallað um voru fyrstu viðbrögð Símans þau að hafna því að gera slíkan samning við Nova og reyndar einnig Sýn. Bæði Nova og Sýn leituðu til Samkeppniseftirlitsins til að knýja Símann til að breyta afstöðu sinni og í kjölfar frummatsbréfs eftirlitsins í málinu sem sent var Símanum í júlí 2019 ákvað Síminn að bjóða bæði Nova og Sýn upp á sjónvarpsrásina Símann Sport í heildsölu og hafa bæði fyrirtækin (þ.e. Nova og Sýn) keppt við Símann á smásölumarkaði fyrir sölu á Enska boltanum síðan.
152. Sýnt hefur verið fram á að Síminn nýtur sennilega mjög sterkar stöðu á þeim mörkuðum málsins sem hafa mesta þýðingu að mati Samkeppniseftirlitsins, þ.e. fyrir heildsölu og smásölu á Enska boltanum og á mögulegum markaði fyrir vöndla og er fyrirtækið sennilega markaðsráðandi á þessum mörkuðum.
153. Hér að framan hefur verið fjallað um bannreglur samkeppnislaga, fyrri aðkomu samkeppnisyfirvalda að sambærilegri háttsemi Símans vegna Enska boltans og kvartað er um í þessu máli sem og erlend fordæmi sem hafa mikla þýðingu. Að virtum framkomnum

<sup>23</sup> Sjá athugasemdir við frumvarp sem varð að breytingarlögum nr. 107/2000 á samkeppnislögum nr. 8/1993. Ákvæði 11. gr. núgildandi samkeppnislaga er samhljóða þessu, sbr. athugasemdir við það ákvæði.



upplýsingum og gögnum er að mati Samkeppniseftirlitsins sennilegt að sú háttsemi Símans sem lýst hefur verið teljist fara gegn 11. gr. samkeppnislaga. Er þá jafnframt horft til þess að eins og málið liggur nú fyrir sé ósennilegt að hlutlægar og málefnalegar ástæður réttlæti sölusynjun Símans. Ákvörðun markaðsráðandi fyrirtækis um að synja þeim sem óskar eftir að kaupa af því vöru eða þjónustu um viðskiptin þarf að vera nauðsynleg til að tryggja lögmæta hagsmuni fyrirtækisins aðra en þá að ná viðskiptalegu forskoti með synjuninni. Óljósar almennar eða fræðilegar afsökunarástæður duga ekki til.<sup>24</sup>

154. Sem fyrr segir er Síminn með 100% markaðshlutdeild miðað við tekjur á markaði fyrir heildsölu á Enska boltanum og nýtur þar einokunar. Í smásölu hefur fyrirtækið verið með um 75-85% hlutdeild sl. ár. Smásölumarkaðurinn er því fákeppnismarkaður þar sem þrír keppinautar starfa og var gildi HHI 6.833 miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2023. Ljóst er að gangi synjun Símans eftir gagnvart Nova hækkar gildið í 7.501.

### 10.1. Synjun Símans á heildsöludreifingu á Símanum Sport til Nova

155. Samkeppniseftirlitið vísar til þess að af umfjöllun á sviði samkeppnisréttar og fyrri úrlausnum eftirlitsins leiðir að almenn skilyrði fyrir ólögumætri sölusynjun í skilningi 11. gr. samkeppnislaga eru eftirfarandi:

- a. Er til staðar synjun um sölu á vöru eða þjónustu?
- b. Er viðkomandi fyrirtæki markaðsráðandi á aðliggjandi markaði (e. *upstream market*)?
- c. Er viðkomandi vara sem óskað er aðgangs að ómissandi fyrir keppinaut á fráliggjandi markaði (e. *downstream market*)?
- d. Myndi synjun um sölu eða aðstöðu skaða virka samkeppni á fráliggjandi markaði?
- e. Hefur viðkomandi heildsölufyrirtæki hlutlægar réttlættingarástæður fyrir sölusynjuninni?<sup>25</sup>

156. Verður nú litið til þessara atriða.

#### 10.1.1. Til staðar er synjun um heildsölu á sjónvarpsrásinni Símanum Sport – *skilyrði a*

157. Með vísan til fyrri umfjöllunar í ákvörðun þessari þá telur Samkeppniseftirlitið að í tilviki Símans, þar sem fyrirtækið hefur neitað að endurnýja heildsölusamning við Nova um Enska boltann sé framangreindu *skilyrði a* um synjun fullnægt og reyndar ekki ágreiningur um það atriði. Síminn hefur neitað að framlengja umræddan heildsölusamning við Nova um að bjóða sjónvarpsrásina Símann Sport eða semja um nýjan heildsölusamning og í því felst sölusynjun.

#### 10.1.2. Síminn er sennilega markaðsráðandi á aðliggjandi markaði – heildsölu á Enska boltanum – *skilyrði b*

158. Þá telur Samkeppniseftirlitið einnig að sterkar líkur séu fyrir því að *skilyrði b* sé einnig uppfyllt þar sem sennilegt sé að Síminn sé markaðsráðandi á aðliggjandi markaði, þ.e. fyrir heildsölu á Símanum Sport þar sem Enski boltinn er boðinn. Á þessum markaði nýtur Síminn reyndar

<sup>24</sup> Sjá t.d. Richard Whish og David Bailey: *Competition law*, 10. útgáfa, bls. 734-745, og dóm undirréttar ESB í máli T-201/04, *Microsoft Corp v Commission*, mgr. 697-698.

<sup>25</sup> Sjá t.d. Richard Whish & David Bailey, *Competition law*: 10. útg., bls. 735; Faull & Nikpay, *the EU law of competition*, third edition, 2014, bls. 453-480.



einokunar sem handhafi sýningarréttar á umræddu sjónvarpsefni. Öðrum keppinautum er ekki til að dreifa.

### 10.1.3. Enski boltinn er sennilega ómissandi fyrir keppinaut á fráliggjandi markaði – Smásölu á Enska boltanum – skilyrði c

159. Með hliðsjón af framangreindri umfjöllun um sjónvarpsefnið Enska boltann þá telur Samkeppniseftirlitið ljóst að um mjög eftirsóknarvert sjónvarpsefni er að ræða sem mikilvægt er fyrir fyrirtæki sem bjóða upp á sjónvarpsþjónustu að hafa í sínu framboði.
160. Við þetta má bæta að í tengslum við vinnslu ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2015 var aflað gagna bæði frá Símanum og Sýn um neytendakannanir sem fyrirtækin höfðu gert og sýndu fram á vinsældir Enska boltans sem sjónvarpsefnis. Þannig kom t.a.m. fram í ákvörðuninni að ekki þyrfti að „fjölyrða um að Enski boltinn eða enska úrvalsdeildin í fótbolta er eitt vinsælasta sjónvarpsefni sem boðið er upp á hér á landi og reyndar einnig í mörgum öðrum Evrópulöndum. Að minnsta kosti er ljóst að vinsælt íþróttæfni sker sig úr gagnvart öðru sjónvarpsefni. Eins og vikið var að hér að framan hefur Samkeppniseftirlitið við meðferð málsins vísað til þess að fordæmi og gögn (m.a. kannanir á vegum Símans og Sýnar) gefi til kynna takmarkaða eftirspurnarstaðgöngu hjá viðskiptavinum á milli annars vegar Enska boltans sem sjónvarpsefnis og hins vegar sýninga annarra íþróttaviðburða eða -keppna. Enski boltinn er því eftirsóknarvert sjónvarpsefni og mikilvæg vara fyrir fyrirtæki sem selja áskriftarsjónvarp og sjónvarpsþjónustu og vöndla með slíkri þjónustu.“<sup>26</sup>
161. Þá kemur jafnframt fram í ársreikning Símans fyrir árið 2019: „Félagið tryggði sér sýningarrétt á enska boltanum fyrir tímabilið 2019–2022. Sýningar hófust í ágúst og áhrifin á rekstur félagsins hafa verið jákvæð.“<sup>27</sup>
162. Sterkar vísbendingar eru um að vinsældir Enska boltans hafi bara aukist enn meira frá því t.a.m. umræddar kannanir voru gerðar fyrri rnokkrum árum. Þannig kemur t.d. fram í ársreikningi Símans fyrir árið 2022 að áhorf á „Símann Sport heldur áfram að aukast og á árinu hófst fyrsta tímabilið af nýju samningstímabili vegna ensku úrvalsdeildarinnar.“<sup>28</sup>
163. Evrópuþingurinn hefur staðfest að til þess að um sölusynjun sé að ræða þurfi varan eða þjónustan, sem óskað er aðgengis að, að vera ómissandi. Dómstóllinn hefur slegið því föstu að til þess að vara eða þjónusta sé ómissandi þurfi að vera til staðar ómöguleiki til þess að fjölfalda eða afrita hana (e. duplicate). Verður varan eða þjónustan ómissandi þegar það er efnislega ómögulegt að búa til eða koma upp sambærilegri vöru eða þjónustu, að það sé lagalegur ómöguleiki eða að það sé fjárhagslega óhagkvæmt.<sup>29</sup>
164. Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að sennilegt sé að framangreint skilyrði c sé einnig uppfyllt í máli þessu og að aðgangur að Símanum Sport með Enska boltanum sé ómissandi fyrir Nova sem er keppinautur Símans á fráliggjandi markaði, þ.e. í smásölu á umræddri vöru eða þjónustu enda sé ómögulegt fyrir Nova að koma upp sambærilegri vöru eða þjónustu til að keppa á umræddum markaði.

<sup>26</sup> Sjá nánar mgr. 118 í ákvörðuninni. Eins og áður segir var ákvörðun nr. 20/2015 felld úr gildi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4043/2021 frá 11. október 2022 og er nú til meðferðar hjá Landsrétti. Ekki var þó í dómnum tekin afstaða eða hrakin sú umfjöllun sem hér um ræðir og að mat Samkeppniseftirlitsins er sennilegt að þetta eigi allt eins við núna sem fyrr. Til skoðunar gæti komið að gera nýja könnun um þessi atriði við endanlega úrlausn málsins.

<sup>27</sup> Sjá bls. 2 í ársreikningi Símans fyrir árið 2019.

<sup>28</sup> Sjá bls. 3 í ársreikningi Símans fyrir árið 2022.

<sup>29</sup> Richard Whish and David Bailey, *Competition law*: 10. útg., bls. 739. Sjá t.d. mál C-418/01 IMS Health GmbH & Co v/ NDC Health GmbH & Co EU:C:2004:257, mgr. 28-30.



#### 10.1.4. Synjun um heildsölu á sjónvarpsrásinni Símanum Sport skaðar virka samkeppni á fráliggjandi markaði – Smásölu á Enska boltanum – *skilyrði d*

165. Hvað varðar *skilyrði d* um hvort umrædd sölusynjun skaði virka samkeppni á fráliggjandi markaði þá telur Samkeppniseftirlitið sennilegt að það eigi við í þessu máli.
166. Af réttarframkvæmd á sviði samkeppnisréttar leiðir að ólögmet sölusynjun kemur helst til skoðunar þegar lóðrétt samþætt fyrirtæki sem er markaðsráðandi á aðliggjandi markaði synjar um sölu eða ómissandi aðstöðu á fráliggjandi markaði.<sup>30</sup> Af fyrri umfjöllun leiðir að Síminn er að mati Samkeppniseftirlitsins sennilega markaðsráðandi á sérstökum markaði fyrir Enska boltann, sem endurspeglar stöðu fyrirtækisins á heildsölustigi og smásölustigi.
167. Samkvæmt gögnum málsins á þessu stigi, munu viðskiptahættir Símans, þar sem félagið hefur synjað Nova um heildsöluaðgang að Enska boltanum sennilega hafa skaðleg og útilokandi áhrif á samkeppni á sennilegum smásölumarkaði fyrir Enska boltann þar sem keppinautum mun óhjákvæmilega fækka úr þremur í tvo, markaðshlutdeild Símans mun því að öllum líkindum aukast sem því nemur sem einnig mun leiða til áðurnefndrar hækkunar á HHI stuðlinum.

#### 10.1.5. Um réttlættingarástæður Símans fyrir sölusynjuninni – *skilyrði e*

168. Hvað varðar *skilyrði e* um réttlættingarástæður Símans fyrir sölusynjuninni þá hefur Samkeppniseftirlitið mótttekið skýringar og málsástæður Símans og eru þær raktar nánar í málavöxtum hér að framan. Hér á eftir verða þessar málsástæður teknar til nánari skoðunar og lagt mat á hvort þær geti talist til hlutlægra réttlættingarástæðna fyrir sölusynjuninni.

##### 10.1.5.1. Vinsælt íþróttæfni fyrir sjónvarp getur verið sérstakur markaður

169. Hvað skilgreiningu á mörkuðum varðar leggur Síminn áherslu á að ekki sé rétt að skilgreina sérstakan markað fyrir einstaka sjónvarpsefni og eigi það við bæði um íþróttæfni sem og annað sjónvarpsefni. Annað sjónvarpsefni eins og tiltekna þáttaraðir geti verið vinsælar og dýrar í innkaupum án þess að um sérstaka markaði sé að ræða.
170. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta. Eins og framangreind umfjöllun um erlend fordæmi ber með sér hefur í úrlausnum í evrópskum samkeppnisrétti verið byggt á því að fyrir hendi geti verið sérstakir markaðir fyrir vinsælt sjónvarpsefni þó í flestum tilvikum hafi endanleg niðurstaða um skilgreiningu verið skilin eftir opin þar sem ekki reyndist þörf fyrir úrlausn viðkomandi mála að slá því föstu hvort að í raun hafi verið um sérstaka markaði að ræða. Í öllu falli hefur því verið slegið föstu að um mikilvæga vöru og þjónustu sé að ræða í framboði fyrirtækja sem bjóða upp á sjónvarpsþjónustu.
171. Þá er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að þessi afstaða Símans samræmist ekki því sjónarmiði sem fyrirtækið setti fram t.a.m. í máli sem varðaði samruna Vodafone og 365 miðla, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 42/2017. Þar benti Síminn á að erlend samkeppnisyriföld hefðu takmarkaðar áhyggjur af þjónustu sem tengdist kvikmyndum og sjónvarpsþáttum en hefðu skilgreint tiltekið íþróttæfni sem „*must have*“ í þeim skilningi að þeir aðilar sem byðu upp á sjónvarpsþjónustu yrðu að hafa aðgang að þessu efni til þess að geta talist samkeppnishæfir. Þannig væri eftirspurn eftir íþróttæfni mjög afmörkuð við tiltekna viðburði eins og stórmót í tilteknum íþróttum, tiltekna deildir, einkum ensku úrvalsdeildina og meistaradeildina.

<sup>30</sup> Richard Whish and David Bailey, *Competition law*: 10. útg., bls. 743.



Eftirspurnin væri mun háðari tíma en annað myndefni þar sem eftirspurnin væri á meðan leikur færi fram í beinni útsendingu. Eftir það drægi verulega úr áhuga á viðkomandi leik.

172. Samkeppniseftirlitið vísar einnig til þess að Síminn Sport felur ekki aðeins í sér útsendingar á fótboltaleikjum. Um er að ræða sérstaka sjónvarpsrás þar sem dagskrárgerð fer fram í tengslum við sýningar á leikjum o.fl.<sup>31</sup>
173. Við þetta má bæta að einkaleyfi til sýninga á Enska boltanum er jafnframt mjög dýrt og það er líklega ekki á færi nema fjárhagslega sterkra fyrirtækja að kaupa sýningarréttinn. Í því sambandi má nefna að Síminn er mun sterkari efnahagslega en t.a.m. Nova, sbr. fyrri umfjöllun og þegar fyrirtækið fékk sýningarréttinn hafði það möguleika strax á því að ná í miklar tekjur fyrir efnið með því að bjóða það viðskiptavinum Heimilispakkana og Sjónvarpi Símans Premium sem þegar voru í áskrift.

#### 10.1.5.2. Viðskipti Nova lítil að umfangi

174. Síminn byggir á því að þar sem Nova (að mati Símans) sé með tiltölulega fáa viðskiptavinum sem kaupi aðgang að Sjónvarpi Símans og tekjur því ekki miklar hafi synjun um að selja fyrirtækinu aðgang að þjónustunni ekki mikil áhrif. Heldur Síminn því m.a. fram að einungis 4% (1.000/25.239) af viðskiptavinum Nova sem noti þjónustuna og þegar tiltekinn vinsæll leikur (Liverpool og Man. Utd.) hafi verið sýndur í mars 2023 hafi aðeins 643 notendur Nova TV horft á leikinn.
175. Að mati Samkeppniseftirlitsins er örðugt að skilja hvers vegna sú staðreynd að Nova hafi ekki tekist að ná til sín meiri markaðshlutdeild í smásölu á Símanum Sport sem inniheldur Enska boltann geti falið í sér réttlætningu Símans fyrir umræddri sölusynjun. Það að Nova hafi ekki tekist að ná til sín meiri hlutdeild en raun ber vitni á umræddum markaði er frekar til vitnis um sterka stöðu Símans á sjónvarpsmörkuðum og möguleg skaðleg áhrif þess að Síminn hafi vöndlað Símanum Sport inn í Sjónvarp Símans Premium og Heimilispakkann og selt þjónustuna í raun á mun lægra verði til neytenda í gegnum þessa pakka en sama vara er boðin á í heildsöluviðskiptum.
176. Í þessu sambandi vísast til þess að Síminn hefur upplýst að fyrirtækið heimfærði árið 2022 [...] m.kr. tekjur vegna Sjónvarps Símans Premium á Símann Sport. Það ár voru að jafnaði um 45-46 þús. viðskiptavinir sem voru með áskrift að Sjónvarpi Símans Premium og [...] mánaðargreiðslur sem bærust frá þeim viðskiptavinum. Það jafngildir að mánaðarsmáslutekjur af Símanum Sport í gegnum Sjónvarp Símans Premium hafi numið [...] kr. m.vsk. Er þá ekki tekið tillit til frírra mánaðaráskrifta sem voru [...] umrætt ár. Á sama tíma var heildsöluverð á Símanum Sport [...] kr. án vsk. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að svo mikill munur á heildsöluverði annars vegar og smásöluverði (eða í öllu falli tekjuheimfærslu) hins vegar á Símanum Sport kann mögulega að fela í sér sk. verðþrýsting<sup>32</sup> í skilningi samkeppnisréttar sem getur falið í sér sjálfstætt brot á 11. gr. samkeppnislaga. Hér er þó ekki tekin afstaða til þess álitaefnis en þess má geta að mál eru til skoðunar þar sem keppinautar Símans hafa kvartað undan þessari hegðun Símans við heildsölu á Símanum Sport og einnig umfangi frááskrifta Símans á Heimilispakkanum þar sem Síminn Sport er í boði í gegnum Sjónvarp Símans Premium.

<sup>31</sup> Sjá nánar: <https://www.siminn.is/siminn-sport>

<sup>32</sup> Með verðþrýstingi er átt við sem dæmi að fyrirtæki A er markaðsráðandi á heildsölumarkaði en starfar einnig á tengdum smásölumarkaði. Fyrirtæki A selur fyrirtæki B mikilvægt aðfang á heildsölumarkaði sem notað er til þess að bjóða til sölu vöru eða þjónustu á smásölumarkaði þar sem bæði fyrirtæki A og B eru keppinautar. Heildsöluverð sem fyrirtæki B þarf að greiða fyrirtæki A er svo hátt að það verð sem fyrirtæki A býður sínum viðskiptavinum í smásölu myndi ekki standa undir kostnaði ef smásöluhluti fyrirtækis A þyrfti að greiða sama heildsöluverð og fyrirtæki B.



177. Má því ætla að sú staðreynd að viðskipti Nova séu lítil að umfangi skýrist fyrst og fremst af háu heildsöluverði og þar með takmörkuðum möguleikum þess fyrirtækis á að bjóða Símann Sport til sölu í vöndli eins og Síminn gerir með samkeppnishæfum hætti. Um er að ræða rúmlega [...] kr. mun fyrir staka áskrift á heildsöluverði til Nova og því smásöluverði sem Síminn selur eða heimfærir Enska boltann á í Heimilispakkanum. Ljóst er að þetta mikill munur á heildsölu- og smásöluverði er til þess fallinn að takmarka mjög möguleika Nova á að selja Enska boltann hvort sem staka vöru eða í vöndlum með öðrum þjónustubáttum fyrirtækisins. Hér kann því að vera um verðþrýsting að ræða af hálfu Símans sem skerðir samkeppni á smásölumarkaði. Engu verður þó slegið föstu um þetta atriði hér en ekki er þó unnt að útloka að það kalli á frekar rannsókn síðar.
178. Ekki er því unnt að fallast á að þessi málsástæða Símans um lítil viðskipti Nova sé hlutlæg réttlættingarástæða.

### 10.1.5.3. Útilokun Nova þrátt fyrir greiðan aðgang að Símanum Sport

179. Síminn vísar til þess að umrædd sölusynjun geti ekki verið skaðleg þar sem dreifing á myndefni sé óháð því hvar notendur séu með viðskipti. Neytendur geti því horft á sjónvarp Símans, þ. á m. Símann Sport með OTT lausnum, í gegnum iPhone, Samsung sjónvarp eða Android myndlykill. Efnið geti neytendur einnig nálgast með snjallsíma sem noti iOS eða Android, Apple TV, Android TV og þar með talið þau sjónvarpstæki sem styðjist við Android TV, í gegnum Samsung sjónvarp, vafra, um þjónustu Sýnar og þjónustu Símans. Það sé vandséð hvernig útilokun eigi að vera hugsanleg við þessar kringumstæður. Þá hafi Síminn afhent og/eða miðlað útsendingum Símans Sport og Sjónvarpi Símans Premium til allra sem reki það sem Síminn nefnir verkvang (e. platform) fyrir sjónvarpsútsendingar. Nánar segir eftirfarandi um þetta atriði í svari Símans vegna fyrirspurnar sem beint var til Símans og varðaði erlend fordæmi:

*„Síminn hefur í dag tryggt að myndefni félagsins er í boði á öllum platformum sem hugsast getur. Þar af leiðandi hefur Síminn ekki synjað neinum dreifingaraðila um aðgang að myndefni Símans. Það geta allir viðskiptavinir allra fjarskipta fyrirtækja horft á myndefni Símans hvar og hvenær sem er, óháð því hvaða þjónustuaðili veitir viðkomandi viðskiptavin þjónustu í farsíma eða interneti. Framhjá þessari staðreynd verður ekki horft.“*

180. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að framangreind dreifing á sjónvarpsefni sé sambærileg því þegar heildsöluaðgangur er veittur að því til endursöluaðila sem keppir við Símann á fráliggjandi smásölumarkaði, þ.e. smásölumarkaði fyrir sölu á efninu. Þessi dreifing felur í sér viðskiptasamband á milli notenda og fjölmiðlaveitu sem er Síminn. Það er því mikill eðlismunur á heildsöluaðgangi og umræddri dreifingu sem Síminn lýsir að því leyti að síðarnefndi aðgangurinn felur í sér að um er að ræða smásölu Símans á Símanum Sport en ekki Nova og eftir atvikum Sýnar.
181. Þá er það misskilningur sem kemur fram af hálfu Símans að ekki sé um útilokun að ræða þar sem neytendur eigi greiðan aðgang að Símanum Sport í gegnum margvíslegar leiðir þar sem Síminn er seljandi vörunnar. Sú útilokun sem hér um ræðir felst í því að keppinautur Símans í sölu á viðkomandi þjónustu, þ.e. Nova, er synjað um aðgang að henni með þeim afleiðingum að hann getur ekki boðið hana sínum viðskiptavinum í smásölu.
182. Samkeppniseftirlitið getur því ekki fallist á að um hlutlæga réttlættingarástæðu sé að ræða.





#### 10.1.5.4. Um að samkeppni birtist í útboði FABL

183. Síminn byggir á því að samkeppni um sýningar á leikjum ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu birtist í útboði FABL á sjónvarpsefninu á þriggja ára fresti. Nova geti boðið í Enska boltann á næsta ári og reynt að vinna sýningarréttinn til þriggja ára og grundvöllur samkeppni sé ekki aðgangur að sjónvarpsefni annarra. Síminn líkir sjónarmiði Nova við það að t.d. Netflix ætti rétt á því að velja vinsælasta efnið hjá Disney (t.d. Marvel myndir) og selja sem hluta af Netflix. Disney ætti síðan rétt að taka út vinsælasta efnið hjá Netflix og selja það. Afleiðingin yrði sú að aðilar væru ekki að keppa. Einnig hefur Síminn nefnt aðrar vinsælar sjónvarpsseríur í þessu sambandi, m.a. Hvolpasveitina og Bachelor.
184. Vegna þessa vísar Samkeppniseftirlitið til þess að sú samkeppni sem á sér stað um sýningarréttinn er kaupendamarkaður sem snýst um umrætt útboð. Samningur Símans við FABL um sýningarréttinn að ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu kemur ekki í veg fyrir að Síminn geti boðið Símann Sport í heildsölu enda hefur fyrirtæki allt frá árinu 2019 verið með samninga bæði við Nova og Sýn um heildsölu á sjónvarpsefninu sem þau fyrirtæki hafa síðan boðið í smásölu. Þá er Síminn ennþá með samning um heildsölu á sjónvarpsefninu við Sýn, sbr. nánari umfjöllun í kafla 10.2 hér á eftir.
185. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að sýningarréttur að Enska boltanum eða öðru íþróttafni sem hefur sambærilega sérstöðu megi jafna til þáttaraða sem njóta vinsælda eins og t.d. Hvolpasveitina og Bachelor. Nægir í þessu sambandi að vísa til umfjöllunar hér að framan um erlend fordæmi þar sem í úrlausnum annarra evrópskra samkeppnisyrivalda hefur verið lögð áhersla á mikilvægi m.a. ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu. Ljóst er að hvorki Hvolpasveitin eða Bachelor hefur sambærilega stöðu og ekki hefur Síminn stofnað sérstaka sjónvarpsrás til að sýna það efni með tilheyrandi dagskrárgerð, viðtalsþáttum og endursýningum.

#### 10.2. Synjun Símans felur í sér mismunun gagnvart viðskiptaaðilum og keppinautum

186. Bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu tekur m.a. til þess þegar viðskiptaaðilum er mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt, sbr. c-lið 2. mgr. 11. gr. samkeppnislaga. Þegar hefur verið greint frá gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins undir rannsókn málsins hér á undan en kanna þarf í hverju einstöku tilfelli fyrir sig hvenær aðilum er mismunað með ólíkum skilmálum í skilningi 11. gr. samkeppnislaga og hefur rannsókn eftirlitsins miðað að því. Þann 5. júlí 2023 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum frá Símanum um stöðu samningssambands Símans og Sýnar og mati á því hvort einnig stæði til að synja Sýn um heildsölu á Símanum Sport.
187. Í svörum Símans frá 14. júlí 2023 staðfesti fyrirtækið að hafa gert samning við Sýn vegna þess að það fyrirtæki reki stafrænt fjarskiptanet sem ætlað er fyrir sjónvarpsútsendingar og að ekki séu áform um að gera breytingar á fyrirkomulaginu. Þá vísar Síminn til 45. gr. fjölmiðlalaga, þar sem fram kemur að fjölmiðlaveitu sé skylt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um að fjarskiptafyrirtæki fái að flytja sjónvarpsútsendingar á stafrænu fjarskiptaneti sínu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Segir Síminn að Nova reki ekki slíkt fjarskiptanet og að forsendur fyrir því að samið hafi verið við Nova árið 2019 hafi verið þær, að á þeim tíma hafi Síminn ekki náð að setja á markaði þjónustu inn í kerfi (e. *platform*) Google, Apple eða Samsung. Þær forsendur séu ekki lengur fyrir hendi og Síminn bjóði nú þjónustu sína um nánast allar þær dreifileiðir, sem í boði séu á Íslandi. Þá reki Nova heldur ekki það sem skilgreint sé sem „platform“ og sé þar af leiðandi ekki í samkeppni á þessu sviði. Reki félagið smáforrit (e.



application) og starfsemi félagsins hafi engin áhrif á þann markað. Að sögn Símans séu keppinautar þeirra og Sýnar á þeim markaði Apple og Google sem reki platform eða stýrikerfi þar sem aðilar geti nálgast mismunandi app.

188. Ljóst er að Síminn hefur ekki gripið til sömu aðgerða gagnvart Sýn og gagnvart Nova. Fyrir liggur fyrir að í gildi er samningur á milli Símans og Sýnar um sölu á Símanum Sport og að Síminn hefur ekki synjað Sýn um sölu á þjónustunni, sbr. einnig svör Sýnar við gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 10. júlí 2023. Þar kom einnig fram að Síminn hafi sumarið 2019 synjað Sýn um sölu á Símanum Sport og ekki hafi fengist heimild til þess að selja þjónustuna fyrr en að fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar lokinni, með þeim afleiðingum, að sögn félagsins, að mikill fjöldi viðskiptavina kaus að fara með fjarskiptaþjónustu frá Vodafone/Sýn til Símans, þar sem hluti viðskiptavina taldi Símann vera eina aðilann á markaði sem gæti veitt aðgang að efninu. Í svarinu kemur einnig fram að Sýn hafi nýlega borist tilkynning um verðbreytingar á þjónustunni frá Símanum og af þeim sökum telji Sýn líklegt að félaginu verði ekki synjað um sölu á komandi tímabili.
189. Síminn hefur haldið því fram að ákvörðun hans um semja við Nova á árinu 2019 hafi byggt á því að Síminn hefði á þeim tíma ekki náð að setja á markað þjónustu inn í kerfi Google, Apple eða Samsung, en Nova aftur á móti búið yfir smáforriti. Það eigi ekki lengur við.
190. Hvað þetta varðar bendir Samkeppniseftirlitið á að samningur um heildsölu og dreifingu hefur verið í gildi á milli fyrirtækjanna frá árinu 2019, og Nova því getað veitt viðskiptavinum sínum þjónustuna í ríflega fjögur ár. Líkt og áður er rakið synjaði Síminn Sýn um heildsöluáðgang að Enska boltanum árið 2019 og gekk ekki til samninga við félagið fyrr en frummat Samkeppniseftirlitsins lá fyrir þann 24. júlí 2019 um sennilegt brot Símans á 11. gr. samkeppnislaga vegna þeirrar háttsemi. Gekk Síminn þá einnig til samninga við Nova. Þá framlengdi Síminn einnig fyrrgreindan samning við Nova til 30. maí 2023. Samkeppniseftirlitið getur því ekki fallist á þau rök Símans að einungis hafi verið samið við Nova á sínum tíma vegna þess að Nova bjó yfir smáforriti og að breyttar aðstæður liggi fyrir því að Síminn kjósi nú ekki að semja við Nova.
191. Þá er heldur ekki fallist á þau rök Símans fyrir því að synja Nova um viðskipti en semja við Sýn að Símanum sé skylt að veita Sýn heildsöluáðgang að Símanum Sport með vísan í 45. gr. fjölmiðlalaga. Rétt er frá því greint í svari Símans frá 14. júlí 2023 að ákvæðið skyldi fjölmiðlaveitu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um að fjarskiptafyrirtæki fái að flytja sjónvarpsútsendingar á stafrænu fjarskiptaneti sínu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ákvæðið felur hins vegar ekki í sér skyldur varðandi heildsöluáðgang fjarskiptafyrirtækja að ákveðnu sjónvarpsefni fjölmiðlaveitna. Því getur 45. gr. fjölmiðlalaga ekki útskýrt mismunandi háttsemi Símans gagnvart Sýn annars vegar og Nova hins vegar.
192. Í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins hefur því verið slegið föstu að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu, sem hættir að afgreiða viðskiptavinum, sem þeir hafa átt í löngu viðskiptalegu sambandi við, án þess að eftirspurn viðskiptavina sé með neinum hætti óvenjuleg eða að viðskiptavinir fylgi ekki eðlilegum viðskiptaháttum, séu líklega með háttseminni að misnota markaðsráðandi stöðu sína.<sup>33</sup> Þá hefur framkvæmdastjórn ESB einnig talið að sölusynjun gagnvart núverandi viðskiptavinum sé líklegri til að til að teljast misnotkun í skilningi samkeppnisréttar en sölusynjun gagnvart nýjum viðskiptavinum.<sup>34</sup>

<sup>33</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 27/76 *United Brands v Commission* [1978] ECR 207.

<sup>34</sup> Sjá mál framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C-7/97 EU:C:1998:264.



193. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur Síminn ekki fært rök fyrir því að sú háttsemi þess að synja Nova um heildsöluaðgang að sjónvarpsefni Símans á sama tíma og samið sé við Sýn grundvallast af hlutlægum og málefnalegum ástæðum. Síminn, Nova og Sýn hafa keppt sín á milli undanfarin ár um að bjóða viðskiptavinum sínum upp á sýningar á leikjum Enska boltans. Með háttseminni útilokar Síminn Nova frá samkeppni á markaðnum. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að eins og málið liggur nú fyrir sé sennilegt það háttsemi Símans feli í sér mismunun milli viðskiptavina og keppinauta Símans, sem grundvallast ekki af málefnalegum né hlutlægum ástæðum, í bága við c-lið 2. mgr. 11. gr. samkeppnislaga.

## 11. Málið þolir ekki bið

194. Hér að framan hefur verið greint frá því að Samkeppniseftirlitið telji sennilegt að sú háttsemi Símans að synja Nova um heildsöluaðgang að sjónvarpsefni Símans, án þess að hlutlægar eða málefnalegar ástæður liggi til grundvallar, feli í sér brot gegn bannákvæði 11. gr. samkeppnislaga.

195. Að mati Samkeppniseftirlitsins er hér sennilega um að ræða brot sem er til þess fallið að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Jafnframt er líklegt að bið eftir endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins geti leitt til röskunar á samkeppni. Af gögnum málsins er ljóst að Síminn er í yfirburðarstöðu, hvað heildsöluaðgengi að sjónvarpsefni varðar, með sérstöku tilliti til Enska boltans, og verði Síminn ekki af háttseminni þegar í stað verði Símanum gert kleift að nýta sér hið breiða þjónustuframboð sitt til þess að draga að sér viðskiptavini Nova, svo og annarra keppinauta, og halda viðskiptum þar sem keppinautar Símans geti ekki boðið samkeppnishæft verð eða þjónustu.

196. Samkeppniseftirlitið hefur áður þurft að hafa afskipti af Símanum vegna sambærilegrar háttsemi og því ljóst að Síminn metur aðstæður á markaði aðrar en þær sem uppi voru árið 2019. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur staðan ekki breyst með þeim hætti að það réttlæti háttsemi Símans og því sé mikilvægt að grípa inn í og stöðva háttsemina án tafar, til að sporna gegn yfirvofandi tjóni fyrir samkeppni og þar með neytendur áður en nýtt tímabil Enska boltans hefst.

197. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að háttsemi Símans geti leitt til takmörkunar á samkeppni með skaðlegum afleiðingum fyrir keppinauta sem og neytendur. Er það jafnframt mat Samkeppniseftirlitsins að framangreint kalli á aðgerðir þegar í stað. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru því skilyrði a- og b-liðar 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga uppfyllt í þessu máli.

198. Í ákvörðunarorðum er mælt fyrir um skyldu Símans til að láta af þeirri háttsemi að synja Nova um heildsöluaðgengi að sjónvarpsefni Símans. Þá er lagt fyrir Símann að aðgengi keppinauta að sjónvarpsefni Símans byggist á málefnalegum og hlutlægum grundvelli og að keppinautum á fráliggjandi mörkuðum sé ekki mismunað.

199. Þessi ákvörðunarorð eru tímabundin til 31. janúar 2024. Ef ekki hefur verið tekin ákvörðun í málinu innan þess tíma verður tekin afstaða til þess hvort nauðsynlegt sé að framlengja þessa bráðabirgðaákvörðun til þess að markmið hennar náist.

200. Athygli Símans er vakin á því að skylda á fyrirtækið samkvæmt ákvörðunarorði tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Brot gegn ákvörðun þessari verða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IX. Kafla samkeppnislaga.



### III. Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 tekur Samkeppniseftirlitið eftirfarandi ákvörðun til bráðabirgða:

1.

Samkeppniseftirlitið telur að Síminn hf. hafi sennilega brotið gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga með því að synja Nova um heildsöluaðgang að sjónvarpsrásinni Símanum Sport sem innifelur útsendingar frá ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.

2.

Með vísan til 16. gr. samkeppnislaga beinir Samkeppniseftirlitið eftirfarandi tímabundnum fyrirmælum til Símans hf.:

1. Síminn hf. skal án tafar breyta framangreindri háttsemi sinni og veita keppinautum heildsöluaðgang að sjónvarpsrásinni Símanum Sport sem innifelur útsendingar frá ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, nema málefnalegar og hlutlægar ástæður liggja fyrir.
2. Ákvarðanir Símans hf. um að synja keppinautum á fráliggjandi mörkuðum aðgengi og dreifingu á Símanum Sport skulu byggðar á grundvelli málefnalegra ástæðna og skráðum verklagsreglum sem aðgengilegar skulu vera a.m.k. þeim aðilum sem fyrir synjun verða, ásamt Samkeppniseftirlitinu.

Bráðabirgðaákvörðun þessi gildir til 31. janúar 2024. Brot á þessari ákvörðun varðar viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson